



ÁRSSKÝRSLA AKUREYRARBÆJAR **2011**



Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2012
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirlestur og prófarkir:	Ástríður Sigurðardóttir, Gunnar Frímannsson og Ragnar Hólm
Ljósmyndir:	Minjasafnið á Akureyri
Forsíðumynd:	Minjasafnið á Akureyri
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókband:	Ásprent

Ársskýrsluna prýða að þessu sinni myndir úr sögu Akureyrarbæjar og eru birtar í tilefni 150 ára afmælis kaupstaðarins árið 2012. Ráðgert er að í skýrslu næsta árs verði myndir sem teknar eru á afmælisárinu sjálfu. Minjasafnið á Akureyri og Hörður Geirsson fá sérstakar þakkir fyrir val á myndum.



EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra	4
Bæjarstjórn og bæjarráð	5
Stjórnkerfi Akureyrarbæjar	5
Akureyrarstofa	5
Búsetudeild	6
Fasteignir Akureyrarbæjar	7
Fjármála- og hagþjónusta	8
Fjölskyldudeild	9
Framkvæmdadeild	10
Heilsugæslustöðin	11
Íþróttadeild	11
Samfélags- og mannréttindadeild	12
Skipulagsdeild	13
Skóladeild	14
Starfsmannþjónusta	17
Öldrunarheimili Akureyrar	20
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum	22
Fastanefndir	23
Starfsnefndir	23
Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	23





Hafnarstræti um 1910, báturinn í fjarska stendur þar sem Ráðhústorg er nú.
Ljósmynd: Hallgrímur Einarsson.



Ávarp bæjarstjóra

Ágætu Akureyringar!

Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 17.869 hinn 1. desember 2011 en 1. desember 2010 voru þeir 17.728. Akureyringum hefur því fjölgað um 141 eða um 0,8%. Karlar voru 8.804 og konur 9.065.

Frá 2. desember 2010 til 1. desember 2011 fæddust 246 börn en 130 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá voru brottfluttir frá 2. desember 2010 til 1. desember 2011 1.115 en aðfluttir til bæjarins 1.140 þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 25.

Flutningar innan bæjarins voru 2.274 á árinu 2011.

Elsti íbúi bæjarins þann 31. desember 2011 var Birna Ingimarsdóttir fædd 13. mars 1910.

Árið 2011 var gott fyrir Akureyringa. Líkt og önnur sveitarfélög á Íslandi kenndi bæjarfélagið ýmissa þrenginga eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008 en hægt og bitandi erum við nú að rétta úr kútnum.

Haustið 2011 mældist atvinnuleysi á Akureyri 4,5% en var 6,5% árið áður. Enn hefur dregið úr atvinnuleysi og meiri bjartsýni ríkir í atvinnulífinu en oft áður. Nokkrar stórförumkvæmdir eru fyrirhugaðar í Eyjafirði sem munu skapa fleiri störf og gefa góða innspýtingu í efnahagslífið. Eftir þann dóða sem greip um sig við hrunið svokallaða, liggur leiðin nú aðeins upp á við og það er engan bilbug á Akureyringum að finna.

Einn helsti styrkur Akureyrar er traust grunngerð samfélagsins og öflug þjónusta sem bæjarfélagið veitir íbúum sínum og dugmikið starfsfólk innir af hendi. Kann ég því öllu bestu þakki fyrir vel unnin störf.


Árið 2012 eru 150 ár frá því Akureyri hlaut kaupstaðarréttindi. Tímamótunum er fagnað allt þetta ár og eru bæjarbúar hvattir til að leggja gjörva hönd á plóg við fegrun bæjarins. Öll skulum við taka höndum saman við að gera afmælisárið eftirminnilegt og hátíðlegt.

Til hamingju, Akureyringar.


Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri

Stjórnkerfi Akureyrarbæjar

Fastanefndir bæjarstjórnar 2007



Deildir og yfirstjórn Akureyrarbæjar



Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu voru haldnir 19 fundir í bæjarstjórn og 47 fundir í bæjarráði. Á fundi bæjarstjórnar þann 7. júní 2011 var Geir Kristinn Aðalsteinsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Halla Björk Reynisdóttir 1. varaforseti og Sigurður Guðmundsson 2. varaforseti. Oddur Helgi Halldórsson var kjörinn formaður bæjarráðs og ásamt honum voru kosin í bæjarráð Geir Kristinn Aðalsteinsson varaformaður, Halla Björk Reynisdóttir, Hermann Jón Tómasson og Ólafur Jónsson. Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Sigurður Guðmundsson eru áheyrnarfulltrúar í bæjarráði til eins árs.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa, hverfisnefndir og –ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði og voru alls 15 á árinu. Viðtalstímarnir eru haldnir annars vegar í Ráðhúsinu og hins vegar einu sinni á vetri í hverjum grunnskóla á Akureyri. Í viðtalstímum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka þeir við erindum, fyrirspurnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og eru fundargerðir viðtalstíma lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í bæjarkerfinu.

Hverfisnefndir voru starfandi í fjórum hverfum bæjarins á árinu en þrjár voru ekki virkar þetta árið þar sem enginn gaf kost á sér til starfa í þeim. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annaðhvort með aðgerðum íbúanna sjálfrá eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa fer með menningar-, markaðs-, ferða- og atvinnu- mál f.h. Akureyrarbæjar. Árið 2011 var fjórða heila starfsárið og einkenndist starfið nokkuð eins og fyrri árin af aukinni þátttöku í þróun ferðaþjónustu í bænum, en auk þess starfaði í fyrsta skipti sérstakur verkefnisstjóri atvinnu- mál á Akureyrarstofu.

Ferða- og markaðsmál

Ferðaþjónustugeirinn á Akureyri hefur stækkað á undanföllum árum. Á árinu var nýtt hótél opnað við Þingvallastræti og hafist var handa við að breyta gamla Hótel Akureyri í Hafnarstræti í gistiheimili.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjöldamörgum verkefnum og stýrði sem áður klasaverkefninu Komdu norður en þátttakendur í því eru yfir eitt hundrað og Akureyrarbær kom myndarlega að flugklasanum AIR66 sem stefnir að bættri markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi.

Samið var við nýjan þjónustuaðila um heimasíðurnar www.akureyri.is og www.visitakureyri.is sem voru endurskoðaðar og endurbættar í kjölfarið. Akureyri.is fékk viðurkenningu sem besta heimasíða sveitarfélags á haustdögum. Notendur visitakureyri.is eru að jafnaði 2-3.000 á viku en svonefndum flettingum fjölga jafnt og þétt þannig að hver notandi nýtir vefinn betur. Jafnt

og þétt fjölga erlendum notendum sem kemur heim og saman við sífellt fleiri erlendar fyrirspurnir sem berast Akureyrarstofu og Upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Atvinnu- mál

Sumardaginn fyrsta voru veitt athafna- og nýsköpunarverðlaun Akureyrar öðru sinni. Grasrót-Íðngarðar hlaut nýsköpunarverðlaun fyrir frumkvöðlastarf og fyrirtækið Skíðþjónustan fékk athafnaverðlaun fyrir framúrskarandi þjónustu, þrautseigju og góðan rekstur.

Verkefnisstjóri atvinnu- mál vann að auknum tengslum við athafnalífið í bænum og voru nær eitt hundrað fyrirtæki heimsótt í því skyni. Þá var unnið að öflun þekkingar á athafnalífi á Akureyri, bæði með samantekt á upplýsingum um fyrirtæki en jafnframt var gerð viðhorfskönnun sem unnin var af Capacent. Meðal niðurstaðna var að einungis 16,2% stjórnenda töldu horfur í þeirra atvinnugrein vera slæmar eða mjög slæmar næstu 12 mánuði, meðan tæp 40% töldu horfurnar vera góðar eða mjög góðar.

Sérstök átaksverkefni fyrir atvinnuleitendur héldu áfram á vegum Akureyrarstofu en mjög dró úr umfangi þeirra. Kostnaður á árinu var 15,2 m.kr. í samanburði við 25,7 m.kr. árið 2010. Atvinnuleysi minnkaði milli ára. Að jafnaði voru 526 manns án atvinnu á Akureyri en voru 671 á árinu 2010.

Menningarmál

Sumardaginn fyrsta var venju samkvæmt tilkynnt í Ketilhúsinu um viðurkenningar stjórnar Akureyrarstofu. Niðurstaða stjórnar var að veita Eyþóri Inga Jónssyni organista starfslaun listamanna til 6 mánaða. Byggingarlistaverðlaunin voru veitt norskari arkitektinum Tommie Wilhelmsen fyrir hönnun Þrumutúns 4 og eigendur tveggja gamalla húsa hlutu viðurkenningu Húsvendarsjóðs fyrir varðveislu og endurgerð húsaanna að Þingvallastræti 2 og Hafnarstræti 88. Alls fjórar heiðursviðurkenningar voru veittar úr Menningarsjóði fyrir mikilvægt framlag til menningarmála í bænum. Viðurkenningarnar voru veittar Hauki Tryggvasyni, Helenu Eyjólfsdóttur, Jóni Hlökkver Áskelssyni og síðasta heiðursviðurkenning var veitt til minningar um listmálarann Óla G. Jóhannsson sem lést þetta árið.

Starfsemi Amtsbókasafnsins var mjög öflug eins og undanfarin ár. Útlán voru 229.811 og fækkaði þeim um eitt prósent frá fyrra ári. Skýrist fækkunin nær eingöngu af því að þjónusta við viðskiptavinum Blindrabókasafns Íslands var hætt á árinu að ósk þess. Gestir voru 117.453. Flestir komu í júlí, 10.411, en fæstir í desember eða 8.684. Sjö sýningar voru á snærum Amtsbókasafnsins, allt frá handmáluðu postúlíni til sýningar um ævi og störf Irene Némirovsky, fatasaumur úr sorpi og minningarsýning um Tryggva Þorsteinsson, svo dæmi séu tekin. Stafræn endurgerð dagblaða og tímarita stöðvaðist tímabundið vegna fjárskorts en eftir að Alþingi setti fé í verkefnið fór það aftur af stað um áramótin 2011-2012.

Á Héradsskjalasafnið komu 653 gestir þetta árið og er það nánast sami fjöldi og árið áður. Konum fjölgaði lítillega, úr 134 í



162, en körlum fækkaði úr 524 í 491. Viðskiptavinir fengu afnot af 2.173 skjalnúmerum á lestrarsal en þar er ekki meðtalin notkun skjala við svörum fyrirspurna og upplýsingaleit fyrir þá sem ekki komu á staðinn. Aðföng til safnsins voru talin í 104 afhendingum en voru 89 árið á undan. Safnið tók þátt í sýningu til heiðurs Tryggva Þorsteinssyni skólastjóra og skátaforingja. Í tilefni af



Á horni Aðalstrætis og Lækjargötu um 1885. Ljósmyndari óþekktur.

norræna skjaladeginum var sett upp sýning undir þemanu „Verslun og viðskipti“ og sýningin kallaðist „Manstu eftir búðinni?“ Fundin voru nöfn og heimilisföng verslana sem starfræktar voru á Akureyri allt frá lokum einokunartímans til ársins 1980. Sýningin vakti mikla athygli og var síðan lánuð til Bókasafns Eyjafjarðarsveitar og til Öldrunarheimila Akureyrar.

Listasafnið á Akureyri stóð fyrir 6 sýningum á árinu og þær sýningar sem drógu til sín flesta gesti voru einkasýning Kristínar Gunnlaugsdóttur með ríflega 2.240 gesti, Hringheimar sem var haldin í samvinnu við Safnasafnið með 1.887 gesti, þar af voru 1.136 erlendir, og sýning Gústavs Geirs Bollasonar, Hýslar umbreytingar, þar sem gestir voru 1.349. Gestir í safnfræðslu voru 802 og heildargestafjöldi var ríflega 7.000.

Listasumar var haldið í 19. sinn á vegum Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili og að vanda var fjöldi viðburða á dagskrá: tónleikar, myndlist og ýmsar uppákomur á tímabilinu frá Jónsmessu og fram að Akureyrarvöku. Á árinu var ákveðið að breyta skipulagi í Gilinu og sameina starfsemi Listasafnsins og Menningarmiðstöðvarinnar í nýrri miðstöð sem fékk nafnið Sjónlistamiðstöð. Markmiðið er að skapa öfluga heild og miðstöð sjónlista utan höfuðborgarsvæðisins.

Minjasafnið á Akureyri stóð fyrir umfangsmikilli menningarstarfsemi á árinu. Settar voru upp fjölmargar sýningar og viðburðir og veitti safnið margvíslega þjónustu á sviði munavörslu. Safninu bárust margar gjafir, bæði gripir og ljósmyndir og eru slíkar gjafir burðarstólpi safnkostsins. Þá var eins og áður haldið úti öflugri safnkennslu fyrir öll skólastig. Settar voru upp 11 aðrar sýningar af ýmsum toga á safninu og utan þess. Aðalsýning Minjasafnsins var Álfar og huldufólk. Stærstu viðburðirnir voru Draugaslóð og Sumardagurinn fyrsti, en alls voru viðburðir 32. Stöðvinir Minjasafnsins og Laufáshópur Handraðans tóku virkan þátt í viðburðum og þykir þeirra þáttur til fyrirmyndar á landsvísi. Safnið tók við umsjón með skáldahúsunum Davíðshúsi og Sigurhæðum 1. apríl en hefur undanfarið ár unnið náið með Akureyrarstofu að

uppbyggingu skáldahúsanna. Heildargestafjöldi Minjasafnsins á Akureyri og deilda safnsins var 33.183, þar af sóttu Minjasafnið heim 14.997, gamla bæinn í Laufási 12.187 og Nonnahús 4.837. Skáldahúsin Sigurhæðir og Davíðshús heimsóttu 1.162 manns.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hélt og tók þátt í 10 tónleikadagskrám á 13 tónleikum. Árskortasala jókst á milli ára og almennt hefur aðsókn aukist eftir að hljómsveitin flutti í Hof, en heildarfjöldi áhorfenda á tónleikum í Hofi var 3.802. Vinsælustu tónleikarnir voru „The Wall“ sem haldnir voru í samstarfi við hljómsveitina Dúndurfréttir en gestir voru 1.004 og þar á eftir kom Adventureveisla í lok nóvember sem 845 gestir sóttu.

Leikfélag Akureyrar stóð fyrir, ýmist eitt og sér eða í samstarfi við aðra, 16 sýningum á starfsárinu 2010-2011. Aðalverkefni starfsársins var söngleikurinn „Rocky Horror“ sem sýndur var haustið 2010 í Hofi en 15.480 gestir sáu þá sýningu. Samtals voru áhorfendur á sýningar LA 28.900. Í lok starfsársins varð ljóst að rekstur LA hafði ekki gengið sem skyldi og verulegur rekstrarvandi blasti við félaginu. Þó tókst að koma leikárinu 2011-2012 af stað með sérstakri lánveitingu frá Akureyrarbæ.

Vel á annað hundrað þúsund gesta heimsótti Hof á fyrsta starfsárinu til að sækja einhvern þeirra fjölmörgu viðburða sem þar fóru fram. Starfsemi í Hofi hefur sett mark sitt á bæjarlífið og framboð menningarviðburða hefur aukist mikið með tilkomu hússins. Á dagskránni voru fjölbreyttir tónleikar, leiksýningar, myndlistarsýningar, ráðstefnur og fundir með innlendum og erlendum gestum, fjölskyldumorgnar, skoðunarferðir fyrir gesti og gangandi svo fátt eitt sé nefnt. Rekstur Menningarfélagsins Hofa sem rekur húsið gekk að sama skapi vel.

Búsetudeild

Búsetudeild veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eda skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkandi aldris, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, búsetuþjónusta við fatlað fólk, skammtímavistun fatlaðs fólks, dagþjónusta og félagsstarf eldri borgara, ráðgjöf iðjuþjálfara og heilsuefandi heimsóknir til aldraðra. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að þjónusta íbúa Akureyrar sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi.

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Í kjölfar efnahagskreppunnar og aðhaldsaðgerða í heilbrigðiskerfinu hefur þörf fyrir heimaþjónustu aukist. Notendum þjónustunnar fjölga ekki milli ára en þeim fjölga sem þurfa mikla aðstoð, t.d. daglega eða oft á dag. Þjónustan skiptist í tvo hluta: Heimaþjónusta A og Heimaþjónusta B. Heimaþjónusta A sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og alls fengu um 530 heimili slíka þjónustu á árinu. Heimaþjónusta B sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 klst. þjónustu á viku eða þurfa eingöngu þjónustu utan dagvinnutíma. Í árslok fengu 30 einstaklingar slíka þjónustu. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðu fólki sem þarf félagslega aðstoð við að rjúfa einangrun. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar- og félagslífs. Alls fengu 114 liðveislu á árinu um lengri eða skemmri tíma: 63 fullorðnir og 51 barn. Hámarkstími á ári í félagslega liðveislu eru 120 tímar. Heimilt er að veita undanþágur frá þessu viðmiði, t.d. þegar um er að ræða börn/fjölskyldur sem ekki geta nýtt sér aðra þjónustu sem þau eiga kost á. Hægt er að útfæra þjónustuna á margvíslegan hátt, t.d. er talið að liðveisla í litlum hópum geti nýst mörgum vel og

jafnframt leitt til einhverrar hagræðingar þannig að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til þjónustunnar nýtist fleirum.

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk sem býr í þjónustuíbúðum eða sambýlum var í nokkuð föstum skordrum á árinu. Alls nutu 68 einstaklingar slíkrar þjónustu, þar af sex í áfangaheimili fyrir fólk sem hefur átt við geðraskanir að stríða. Búsetuþjónustan snýst um að aðstoða fatlað fólk við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Nokkur biðlisti er eftir búsetu með þjónustu fyrir fatlað fólk og voru 18 einstaklingar á virkum biðlista í árslok. Hafinn er undirbúningur að nýbyggingu til að mæta þjónustuþörf sex ungmenna sem þurfa sérhæft húsnæði.

Skammtíamavistun fatlaðs fólks er staðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Skammtíamavistun þjónaði alls 21 einstaklingi á árinu: 12 voru yngri en 18 ára en níu fullorðinir. Undanfarin ár hefur notendum heldur fækkað en þeir þurfa hins vegar meiri þjónustu en áður. Húsnæði skammtíamavistarar við Skólástíg 5 er á þremur hæðum og hentar ekki nægilega vel fyrir starfseminna, bæði vegna aðgengis- og öryggismála. Unnið er að því að finna hentugra húsnæði undir starfseminna.

Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra eru tvær, í Víðilundi 22 og Bugðusiðu 1. Félagsstarfið er ætlað 60 ára og eldri og er starfsemin afar fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð. Í notendaráði sitja 10 kjörnir fulltrúar þeirra sem sækja starfið og er hlutverk þeirra er að vera talsmenn fólksins sem nýttir þjónustuna, taka við ábendingum og tillögum um starfseminna. Einnig hefur ráðið veg og vanda að ýmsum uppákomum í samvinnu við forstöðumann félagsmiðstöðvanna. Starfsemin var með svipuðu sniði og undanfarin ár en alltaf er þó bryddað upp á einhverjum nýjungum. Sem dæmi um nýjungar má nefna að farið var af stað með heita máltíð í Bugðusiðu á fimmtudögum í stað súpu og brauðs sem áður var og að meðaltali nýta 95 manns á mánuði sér þessa þjónustu. Í Bugðusiðu hefur Félag eldri borgara verulega aukid þátttöku sína í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og stendur í vaxandi mæli fyrir fræðslu, námskeiðum og hópstarfi. Mikil og góð samvinna er á milli félagsins og félagsmiðstöðvanna. Dagskráin er því þéttskipuð alla virka daga og lítið um lausan tíma.

Dagþjónusta fyrir aldraða í Víðilundi getur tekið á móti 16 gestum í senn. Dagþjónustan er mikilvægt stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldr þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Dagþjónustan er á verkswiði ríkisins og rekin af bænum með daggjöldum frá ríki. Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili notandans, tómstundaiðu, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Próun undanfarinna ára er í þá átt að notendur eru að jafnaði eldri en áður og með minni líkamlega og andlega færni. Þjónustuna nýttu alls 57 einstaklingar á árinu, 43 konur og 14 karlar. Á síðustu sjö árum hefur meðalaldur þeirra sem sækja dagþjónustu hækkað um rúmlega fögur ár og meðalaldur notenda árið 2011 var 84,3 ár.

Heilsueflandi heimsóknir er þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og ekki njóta umfangsmikillar þjónustu, er boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni á ári auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af ríkinu með samningi um rekstur heilsugæslunnar og nær til alls þjónustusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, að stuðla að sjálfstrausti og auka öryggiskennnd og að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum og um þjónustu sem í boði er. Frá upphafi hefur þessu þjónustutilboði verið afar vel tekið og á árinu 2011 þáðu 82% heimsókn af þeim sem fengu boð um slíkt. Þjónustan er talin vera mikilvæg samskiptaleið milli íbúa og þjónustukerfisins. Á árinu 2009 var dregið úr starfseminni í kjölfar niðurskurðar á fjárveitingum ríkisins til HAK. Í árslok voru stöðugildin 1,3 en voru áður 2,0. Seinka hefur þurft tilboði um fyrstu heimsókn vegna þessa og ljóst að bæta þarf við fjárveitingar til þjónustunnar til að halda því þjónustustigi sem stefnt er að.

Iðjuþjálfari er starfandi á búsetudeild sem veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Árið 2011 fengu 153 einstaklingar ráðgjöf. Tilgangur heimsóknanna var ráðgjöf vegna hjálpartækja, umsóknir um tæki, vinnuvernd, ráðgjöf vegna breytinga heima við, ráðgjöf vegna bílamála og margt fleira.

Rekstur deildarinnar var þungur á síðasta ári. Undanfarin ár hefur þurft að hagræða mikið í rekstrinum en jafnframt er reynt að veita áfram góða þjónustu. Til langs tíma reynist það sífellt erfiðara og árið 2011 tókst ekki að halda rekstrinum innan ramma og var hallinn 2%. Meginstyrkur deildarinnar hefur lengi verið að hafa á að skipa starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita metnaðarfulla þjónustu.

Málefni fatlaðs fólks, þ.e. sérþjónusta við fatlaða, fluttist frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Þjónustan sem fluttist til hefur um árabil verið í höndum Akureyrarbæjar samkvæmt þjónustusamningi við ríkið en þrátt fyrir það kallaði yfirfærslan á umfangsmikla vinnu m.a. vegna laga- og reglugerðarbreytinga. Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppur mynda sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði. Akureyrarbær er leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólki á svæðinu öllu þjónustu samkvæmt sérstökum samningi á milli sveitarfélaganna.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Bygging hjúkunarheimilis við Vestursíðu er fjárfreka verkefnið sem var í vinnslu hjá Fasteignum Akureyrarbæjar árið 2011. Hjúkunarheimilið er samsett af fimm heimilum þar sem 9 heimilismenn búa saman, hver með sína íbúð, samtals 45 íbúðir. Við hönnun var áhersla lögð á að skapa aðstæður sem líkjast sem mest einkaheimilum. Hver íbúð hefur svefnkrók, setustofu og rúmgott baðherbergi. Á hverju heimili er sameiginlegt rými sem er setustofa og borðstofa með eldunaraðstöðu. Sameiginleg rými þjóna öllum íbúum heimilisins og starfsmönnum þess. Í miðrymi er salur, sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun og heilsulind. Við hjúkunarheimilið eru skjólgóðir lokaðir garðar til útivistar fyrir heimilismenn og gesti. Hönnun var unnin á árinu 2010 og verkið boðið út í tveimur hlutum. Jarðvegskipti voru boðin út í febrúar 2011 og uppsteypa og fullnaðarfrágangur á húsi og lóð í maí 2011. Verklök eru áætluð í ágúst 2012.



Sundlaug Akureyrar um 1930. Ljósmynd: Jón & Vigfús.

Í byrjun árs 2006 hófst undirbúningur að byggingu grunnskóla við Hólmatún í Naustahverfi. Skólinn skiptist í þrjú heimasvæði, stjórnunarálm, miðrymi og íþróttasal. Byggingin er öll björt og opin, gluggar eru frá heimasvæðum að miðrymi. Áhersla var lögð á að vanda hljóðvist eins og kostur væri, þar sem stórir hópar koma saman á hverju heimasvæði. Fyrsti áfangi Naustaskóla var boðinn út á vordögum 2008 og tekinn í notkun á árinu 2009. Á árinu 2010 hófst undirbúningur að útboði á seinni áfanga Naustaskóla



sem er um 3.900 m² viðbygging og mun hýsa heimasvæði, verkgreinastofur, starfsmannarými, sal/miðrymi, anddyri skólans og íþróttahús. Uppsteypa á seinni áfanga var boðin út í mars 2011 og innahússfrágangur fyrir heimasvæði og verkgreinaálmu í desember 2011. Gert er ráð fyrir að kennslu- og verkgreinaálma verði tilbúin til notkunar á árinu 2012. Heildarstærð skólans verður um 6.200 m² þegar byggingin verður fullbyggð. Sá áfangi sem tekinn var í notkun í ágúst 2009 er um 2.300 m². Hluti húsnæðisins er nýttur með leikskólanum Naustatjörn.

Lystigarðurinn á Akureyri var opnaður árið 1912 og var fyrsti almenningsgarðurinn á Íslandi. Á árinu 2012 verður Lystigarðurinn á Akureyri því 100 ára. Þann 18. mars 2011 samþykkti stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar að leita eftir áhugasömum aðila til að annast rekstur kaffihúss og minjagripasölu í Lystigarðinum. Í framhaldi af því var ákveðið að hefjast handa við hönnun á kaffihúsi í Lystigarðinum. Markmið framkvæmdanna er að mæta þörfum íbúa og ferðamanna og laða fleiri gesti að garðinum. Heildarstærð hússins er 177 m². Verkið var boðið út í nóvember 2011 og áætluð verklok vorið 2012.

Á árinu 2010 ákvað bæjarráð að farið yrði í framkvæmdir við endurnýjun og viðhald á stúku á Akureyrarvelli. Hönnun hófst árið 2010 og verkið boðið út í febrúar 2011. Markmiðið með endurbótunum er að skapa betri aðstöðu fyrir KA en síðla árs hafði framkvæmdum við endurbætur og byggingu stúku á KA-svæði verið frestað. Í framhaldi af því var ákveðið að KA fengi Akureyrarvöll til afnota og að gerðar yrðu lagfæringar á honum og stúkumannvirki þannig að hann yrði nothæfur næstu árin.

Ákveðið var að endurnýja íþróttagólf og áhorfendabekki í íþróttahúsi KA við Dalsbraut og var það verk unnið sumarið 2011.

Akureyrarbær og félags- og tryggingamálaráðuneytið undirrituðu samning þann 30. desember 2010 um viðbyggingu á lóð við Þrastarlund 5 á Akureyri. Á sama tíma var gerður samningur um kaup Akureyrarbæjar á húsinu við Þrastarlund 3 af ríkissjóði. Markmið með samningi þessum er að bæta þjónustu á landsvísi við fatlað fólk sem býr við þroskahömlun og miklar atferlistrufflanir og þarf af þeim sökum sérstaka aðstoð, stuðning og meðferð við athafnir daglegs lífs. Þegar Akureyrarbær tók við verkefninu í byrjun árs 2011 lá frumhönnun að mestu fyrir. Ákveðið var byggja 3 nýjar íbúðir og starfsmannaaðstöðu sem tengdist eldra húsi við Þrastarlund 3. Um leið yrðu gerðar breytingar innahúss til að bæta aðstöðu íbúa. Um er að ræða nýbyggingu, samtals 266 m² að stærð. Framkvæmdasjóður fatlaðra greiðir Akureyrarkaupstað kostnað við framkvæmdina. Verkið var boðið út í júní 2011 og eru verklok áætluð í byrjun júní 2012.

Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða færðust yfirráð allra fasteigna í eigu ríkisins sem nýttar voru í þjónustu við fatlaða til sérstaks Fasteignasjóðs sem er í umsjón Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Verkefni Fasteignasjóðsins er m.a. að leigja eða selja sveitarfélögum þær fasteignir sem heyra undir sjóðinn og verður söluandvirði eignanna og öðrum tekjum umfram gjöld ráðstafað til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða. Sveitarfélög þurftu að ákveða á árinu 2011 hvort þau hyggðust kaupa eignirnar eða leigja af sjóðnum. Í lok árs 2011 ákvað bæjarráð að kaupa eignirnar að Dvergagil 3, Hafnarstræti 16, Snægili 1 og Geilslatúni 1 af Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Kaupverð eignanna er um 175 milljónir kr. og brúttóstærð samkvæmt fasteignamati um 1.210 m².

Helstu verkefni í viðhaldi á árinu voru endurnýjun á gluggum í Glerárskóla, skipt var um þak á Grunnskóla Hríseyjar og raðhúsum í Hlíð. Endurnýja hefur þurft á mörgum stöðum loftræsibúnað vegna tæringar auk fjölda annarra verkefna.

Fjármálaþjónusta og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2011 var samþykkt í bæjarstjórn 21. desember 2010. Sérstök endurskoðun á áætluninni fór fram 1. nóvember 2011.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 16.198,7 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta

en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 15.683,2 millj.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 11.580,3 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 11.130,4 millj.kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 15.097,8 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 14.575,8 millj.kr. Rekstrargjöld A-hluta námu 11.442,4 millj.kr. miðað við 11.002,1 millj.kr. í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 1.454,1 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 1.663,9 millj.kr. fjármagnsgjöldum umfram fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var neikvæð um 419,3 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 645,5 millj.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 721 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 868,7 millj.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 36.949 millj.kr., þar af eru veltufjármunir 3.792 millj.kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 22.555,6 millj.kr., þar af eru skammtímaskuldir 3.058 millj.kr. Veltufjárlutfallið er 1,24 í árslok en var 1,31 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 14.416,2 millj.kr. í árslok sem er 39% af heildarfjármagni og er það sama hlutfall og árið áður.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 1.888 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 1.898 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 1.216 millj.kr. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals -1.388 millj.kr. Afborganir langtímalána námu 949 millj.kr. Ný langtímalán námu 203 millj.kr. Handbært fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.286 millj.kr.

Heildarlaunagreiðslur með launatengdum gjöldum hjá samstæðunni voru 8.831,6 millj.kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.509 sem er fækkun um 6 frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins ásamt lífeyrisskuldbindingum í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 54,5%. Annar rekstrarkostnaður var 31,2% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 496 þús.kr. á hvern íbúa en heildartekjur samtals 907 þús.kr. á hvern íbúa. Árið 2010 voru skatttekjurnar 414 þús.kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 887 þús.kr.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: www.akureyri.is/is/stjorkerfid/ymsar-fjarmalaupplýsingar/.

Húsnæðisdeild

Húsnæðisdeild sér um úthlutun og eftirlit leiguíbúða Akureyrarbæjar, greiðslu húsaleigubóta ásamt ráðgjöf og upplýsingagjöf tengdri húsnæðismálum.

Í árslok 2011 voru 265 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar og 13 íbúðir til viðbótar voru leigðar og endurleigðar. Ein 2ja herbergja íbúð var keypt á Akureyri og ein 3ja herbergja íbúð seld í Hrísey. Umsóknir um leiguíbúð á árinu voru 163 en 176 árið 2010. Voru 130 þeirra samþykktar en 33 hafnað þar sem skilyrði voru ekki uppfyllt eða umbeðin gögn bærust ekki. Úthlutanir voru 83 á árinu en 32 höfðu úthlutun og féllu af biðlista eða fóru aftast á hann. Á biðlista eftir leiguíbúð voru 93 aðilar í lok árs 2011 en auk þess óskuðu 15 leigjendur eftir flutningi innan kerfisins. Greinileg fjölgun er á umsóknum um félagslegar leiguíbúðir frá árinu 2009 en leigjendaskipti hafa einnig aukist á þessu tímabili.

Almennar húsaleigubætur

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið þeirra er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar almennar húsaleigubætur námu 225 milljónum á árinu 2011 á móti 223,6 milljónum á árinu 2010 og er það 0,6% aukning á milli ára. Bótaþegar voru 985 í lok árs 2011 en 972 árið 2010 en það er 1,3% aukning á milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem fengu almennar húsaleigubætur á árinu var 1.230 en voru árið áður 1.251. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur í árslok 2011 eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð var sem hér segir:

Almennar húsaleigubætur

Atvinnustaða	Gift/samb. Með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	44	13	143	79	42	321
Atvinnulaus	11	6	37	15	22	91
Öryrkjar	12	8	45	73	115	253
Ellilífeyrisþegar	0	10	0	24	14	48
Heimavinnandi	1	0	8	0	0	9
Nemar	26	28	42	81	86	263
Samtals	94	65	275	272	279	985

Sérstakar húsaleigubætur

Sérstakar húsaleigubætur eru greiddar til þeirra sem leigja á almennum markaði og uppfylla reglur um úthlutun leiguíbúða Akureyrarbæjar ásamt því að hafa átt lögheimili á Akureyri síðastliðna 12 mánuði.

Á árinu 2011 var greidd 17,1 milljón til að meðaltali 103 einstaklinga á mánuði á móti 12,7 milljónum árið 2010. Aukning á milli ára er 34,3% og fjölgun bótaþega er 28,8% en þeir voru 80 árið 2010. Meðalbótaupphæð var tæpar 14.000 kr á mánuði á umsækjanda. Samtals fengu 156 einstaklingar sérstakar húsaleigubætur á árinu öllu.

Fjölskyldudeild

Á árinu 2011 var brugðist við vaxandi þunga í félagsþjónustunni og bætt við einu 60% starfi frá 1. september. Endurnýjaður var samningur til tveggja ára við Barnaverndarstofu um þróunarverkefnið PMT-O eða meðferð fyrir unglinga. Hinn 1. janúar varð breyting á þjónustuvæði í málaflokki fatlaðra með yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Þjónusta við fatlaða í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð færðist frá Akureyrarbæ yfir til Norðurlands vestra. Þetta hefur áhrif á tölur um þjónustuna í málaflokknum. Áfram var unnið að bættri þjónustu við börn með ADHD og langveik börn með tilkomu styrkja frá velferðarráðuneyti. Haldin voru námskeið fyrir börn með ADHD greiningu og foreldra þeirra og stuðningsfjölskyldur voru í boði fyrir langveik börn og börn með ADHD.

Í barnavernd var unnið með 341 barn í 250 fjölskyldum. Barnaverndartilkynningar voru hins vegar 336. Algengasta ástæða tilkynningar eins og fyrri ár var áhættuhegðun barns eða í 139 tilvikum. Í 104 tilvikum var tilkynnt um grun um vanrækslu og í 73 tilvikum um ofbeldi gegn barni. Athygli vekur að alls bárust 20 tilkynningar um að heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu sem er mikil fjölgun frá fyrri árum. Á árinu fóru fimm börn til greiningar og meðferðar á Stuðlum og tvö voru vistuð á meðferðarheimili fyrir unglinga. Alls voru gerðir 12 nýir samningar um fóstur barns eða vistun á einkaheimili. Í lok árs voru 7 börn í varanlegu fóstri á vegum barnaverndarnefndar en 15 börn í tímabundnu fóstri eða vistun.

Annað árið í röð varð mikil hækkun á útgjöldum til fjárhagsaðstoðar eða 31,6% og einnig varð fjölgun í hópi þeirra sem fengu aðstoð um 25 einstaklinga og fjölskyldur. Fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu var 377 en heildarútgjöld voru 112 m.kr. Meðaltalsupphæð á skjólstæðing var 297.136 kr. en fjöldi afgreiddra umsókna var 1.449. Ef horft er til aldurs og fjölskyldugerðar þá er hlutfall ungs fólks af heildarfjölda 33% sem er sambærilegt við það sem verið hefur en einhleypir karlar eru núna stærsti hópurinn eða 35% og síðan koma einstæðar mæður sem eru 33%. Einhleypir eru núna 53% en einstæðir foreldrar 35%. Varðandi atvinnustöðu fækkar í hópi þeirra sem eru í fullri vinnu og einnig á meðal þeirra sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum en atvinnulausir án bótaréttar koma inn í tölverðum mæli. Þannig eru atvinnulausir sambærilegt hlutfall og árið 2010 eða um 32% en um helmingur er án bótaréttar.

Skólaárið 2010/2011 voru 1171 börn í 18 leikskólum á þjónustuvæðinu en 2980 í 14 grunnskólum. Heilarmálafjöldi úr grunnskólum var 510 mál sem skiptust þannig að 462 mál komu úr skólum á Akureyri en 48 mál komu úr skólum utan Akureyrar. Málafjöldin úr leikskólum var 161, 147 frá Akureyri en 14 utan Akureyrar.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi af fjölskyldum barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu voru 28 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum til fimm sólarhringa á mánuði en alls voru veittir 799 sólarhringar í þessa þjónustu. Á árinu voru afgreiddar 56 umsóknir vegna umönnunargreiðslna til foreldra vegna fötlunar eða þroska- og hegðunarraskana barna en á skrá voru 152 fjölskyldur með umönnunarmat.

Alls fóru 28 einstaklingar í vinnu á almennan vinnumarkað í gegnum atvinnu með stuðningi. Á árinu voru gerðir 25 nýir vinnusamningar öryrkja en 79 samningar voru í gildi á árinu. Í lok árs voru 17 einstaklingar á biðlista eftir atvinnu.

Starfsemi Hæfingarstöðvar/Birkilundar var hefðbundin á árinu en alls nutu 55 einstaklingar þjónustu stofnunarinnar. Notendur eru breiður hópur varðandi þjónustuþarfir og aldur. Flestir eru með þroskahömlun en aðrir eru með seinni tíma heilaskaða, einhverfu, dauflundu og fleiri þroskaraskanir. Meðal notenda er ungt fólk sem



Uppbygging Glerártorgs byrjuð árið 2000. Ljósmynd: Hörður Geirsson.

stundar nám í framhaldsskóla og lögð er áhersla á að samþætta þjónustuna við þennan hóp með samráði við skólann. Flestir notendur búa á sambýli en nokkirir búa í foreldrahúsum eða í sjálfstæðri búsetu.

Á árinu 2010 lagaðist staðan varðandi verkefni og afkomu á Plastiðjunni Bjargi/Íðjulundi eftir kreppuástand 2008/2009. Sú þróun hélt áfram árið 2011 þótt áhrifa kreppunnar gætti enn hvað varðar framleiðslu á raflagnaefni en minna í öðrum framleiðslugreinum. Stöðug söluaukning varð á ýmsum framleiðsluvörum, einkum handdýfðum kertum. Áhersla er á endurnýtingu og ervaxi safnað til kertagerðar auk þess sem bómullarfatnaður er nýttur í tuskubagga sem seldir eru til verkstæða og útgerðarféлага. Leiserprentun á búfjármerki gefur tækifæri fyrir aukinn fjölbreytileika í verkefnum og veitir þremur til fjórum vinnu. Á árinu voru 54 einstaklingar í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun sem var fjölgun um 8 frá árinu áður en í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 34 einstaklingar.



Framkvæmdadeild


Helstu verkefni ársins 2011 vegna gatnagerðar var að ljúka við lagningu Daggarlundar og frágang opinna svæða í Naustahverfi auk ýmissa smærri verkefna.

Helsta verkefni við endurnýjun gatna var að ljúka við endurgerð Þingvallastrætis upp að Mýrarvegi en yfirborð götu og gangstétta var endurnýjað og er nú aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda mjög gott. Einnig voru lagnir sem og ljósastaurar endurnýjaðir. Kjarnaskógsvegur og vegurinn upp að tjaldsvæðinu að Hömrum voru endurbýggðir og malbikaðir. Í Spítalavegi var yfirborð götu endurnýjað og einnig var ný gangstétt lögð í austurkanti götunnar. Samhliða því var Tónatröð endurbýggð og malbikuð. Gatnamótin Grundargerði/Stóragerði voru endurgerð vegna sigs. Haldið var áfram við frágang meðfram Hjalteyrargötu, hliðarsvæðið var jafnað og sáð grasfræjum, auk ýmissa smærri verkefna.


Í malbikun var lokið við að leggja á Ásatún og Fossatún í Naustahverfi. Jaðarsíða var malbikuð sem og hluti Sjafnargötu. Þá var Óðinsnes malbikað að Baldursnesi og Baldursnes klárað að Goðanesi. Hafist var handa við að leggja göngu- og hjólastíg meðfram Drottningarbraut frá flugvelli að Miðhúsabraut en frágangur og malbik á stígum verður klárað 2012. Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna viðs vegar um bæinn lagaðir og malbikaðir. Alls voru lagðir 3,3 km af stígum og gangstéttum. Akureyrarbær kom einnig að gerð göngustíga í Kirkjugarði Akureyrar. Unnið var við reiðleið meðfram Faxaskjól sem tengir reiðleiðakerfið að reiðhöllinni. Sörlaskjól var klárað og unnið var við lagfæringar á geymsluplönnum á svæði hestamanna í Hlíðarhverfi. Unnið var við viðhald á eldri götum bæjarins en fjárveiting vegna þessa málaflokks var hækkuð lítilega milli ára.

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólafræðing og nemendur. Sett voru upp ný umferðarljós á gatnamótum Þingvallastrætis og Þórunnarstrætis. Um er að ræða nýja kynslóð svokallaðra LED-ljósá, þeim fyrstu sem sett eru upp hér á Akureyri, auk þess sem unnið var að smáendurbótum viðs vegar um bæinn í umferðaröryggismálum. Einnig var unnið að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar svo notaðar til að meta hvernig tekist hefur til með lækkun á hámarkshraða.

Magn heimilisúrgangs til urðunar. Þrettándi mánuðurinn táknað meðaltal á mánuði.



Hlutfall heimilisúrgangs 2011




Hreinlætismál

Óhætt er að segja að verulegur árangur hafi náðst í flokkun á heimilissorpi í sveitarfélaginu og að tekist hafi að draga verulega úr urðun úrgangs. Á árinu 2010 voru rétt tæplega 3.000 tonn urðuð á Glerárdal eða um 224 tonn á mánuði. Á árinu 2011

þegar regla var komin á flokkun úrgangs hafði þetta magn minnkað um helming og meðaltalið orðið um 112 tonn á mánuði. Árangurinn með tveggja íláta kerfinu var einnig stórkostlegur og betri en víða þar sem þriggja tunnu lausnin er í notkun. Einnig gekk Akureyrarbær á undan með góðu fordæmi og byrjaði að flokka allt sorp frá fyrirtækjum og deildum bæjarins. Það er því alveg ljóst að sveitarfélagið er nú fremst meðal jafningja í málum er lúta að úrgangsmálum.

Hlutfall heimilisúrgangs 2011



Grenndarstöðvar fyrir endurvinnslu eru nú þrettán. Á árinu 2011 voru gerðar tilraunir með að tæta niður dagblöð og nota sem stöðefni í moltugerð hjá verksmiðju Moltu ehf. í Eyjafirði og eru nú nánast öll dagblöð sem safnast frá heimilum íbúa notuð í moltugerðina í stað þess að senda þau utan til endurvinnslu með ærnum kostnaði. Mikið fellur til af plasti á grenndarstöðvunum og mestur hluti þess hefur verið nýttur til orkuframleiðslu. Markmiðið er að plasti fari meira til endurnýtingar og er unnið að lausnum í þeim efnum.

Umhverfismál

Til umhverfismála var varið 183 m.kr í rekstur, þ.e. umhirðu og viðhalds. Þær breytingar sem urðu á milli 2010 og 2011 voru að Akureyrarbær tók yfir grasslátt á 3/4 hlutum opinna svæða í bænum og stefnt verður að því að árið 2013 verði grassláttur og hirðing alfarið á höndum Akureyrarbæjar. Lítið var um nýframkvæmdir innan umhverfismála en þó var umhverfi Andapóllsins klárað. Gróðursetning trjá- og runnaplantna í bæjarlandið var með hefðbundnum hætti og ræktuð og gróðursett voru um 44.000 samarbólóm í ræktunarstöð bæjarins. Í Hrísey var haldið áfram að hefta útbreiðslu skógarkerfils og lúpinu með það að markmiði að endurheimta fyrra gróðurlendi. Í Grímsey var farið í hreinsun og frágang á gamla sorpsvæðinu. Gróðurkort af Hrísey og Akureyri ásamt fuglatalningarskýrslu úr óshólum Eyjafjarðarár eru nú aðgengilegar á heimasíðu bæjarins. Rekstur opinna leiksvæða var með hefðbundnu sniði og framkvæmd er rekstrarskoðun á hverju svæði á þriggja mánaða fresti.

Áfram var unnið að fegurun Lystigarðsins fyrir 100 ára afmæli hans árið 2012 og undirbúningur byggingar kaffihúss í garðinum komst á lokastig en það mun opnast snemma árið 2012. Vinnuskólinn fyrir 14–16 ára unglinga var rekinn með svipuðu sniði og undanfarið ár, þ.e. við fegurun og hirðingu en einnig fór um 15% vinnutímabils unglinganna í fræðslu.

Rekstur jarðeigna- og dýraeftirlits var hefðbundinn en það annast eftirlit og skráningu hunda, katta og annarra gæludýra. Dýraeftirlitið annast ennfremur vöktun og eyðingu á rottum, vargfuglum, refum og minkum. Starfsemin var með hefðbundnum hætti ef undan er skilin hundahreinsun sem nú er á ábyrgð eigenda.

Jarðeignir og búfjareftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgirðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Fimm sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu mynda búfjareftirlitssvæði 18 og Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur umsjón og eftirlit með forðagæslu hjá þeim.

Slökkvilið Akureyrar

Slökkvilið Akureyrar var kallað út í 2.127 skipti á árinu 2011 og er það 5% færkun í útköllum liðsins á milli árána 2010 og 2011. Hlutfallslega er mest færkun í útköllum dælubíla. Um 8% færkun varð í útköllum sjúkrabíla en 7% aukning í sjúkraflugi.

Árið 2011 var viðburðaríkt hjá slökkviliði Akureyrar. Mikil vinna fór í að endursemyja og reyna að viðhalda þeim verktakasamningum

sem liðið hefur haft um árabíl. Mesta breytingin í þeim efnunum varð á vordögum en þá varð ljóst að Isavia hafði ekki hug á að endurnýja samning sinn við SA um slökkvi- og björgunarþjónustu á Akureyrarflugvelli. Þessar breytingar höfðu það í för með sér að SA varð að fækka starfsmönnum um 10 í varðliði en sumir þeirra fóru til starfa hjá Isavia. Samningar við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkráflutninga og sjúkraflug voru endurnýjaðir og gilda út árið 2012.

Slökkviliðin í Eyjafirði undirrituðu formlega samstarfssamning á árinu. Hann tryggir að slökkviliðin koma hvert öðru til aðstoðar þegar á þarf að halda.

Langþráður draumur slökkviliðsstjóra varð að veruleika á árinu þegar nýjar björgunarklippur voru formlega teknar í notkun. Um áramótin kom í mannvirkjalög sú krafa að slökkvilið landsins skyldu eiga búnað til að bjarga fólki úr fastklemmdri aðstöðu. Frá árinu 2007 hefur verið leitað leiða til að fjármagna þessi búnaðarkaup og núna tókst það. Góðir styrktaraðilar, Eimskip-Flytjandi, Icelandair og N1, lögðu til fjármagn í kaupin og einnig gaf framleiðandinn góðan afslátt af verðinu. Bæjarstjórn Akureyrar veitti síðan þeim fjármunum sem upp á vantaði í kaupin.

Heimasíða liðsins var uppfærð á árinu og fékk nýtt útlit. Síðan er mikið heimsótt og þar er að finna allar upplýsingar um liðið (www.slökkvilid.is). Einnig er innri vefur fyrir starfsfólk þar sem ýmsum upplýsingum er miðlað.

Hinn 30. nóvember tók ISAVIA formlega við björgunar- og slökkvistörfum á flugvelli en SA hafði séð um þann verkþátt sl. 10 ár.

Strætisvagnar Akureyrar

Ný gerð af biðskýlum sem framleidd eru á Akureyri var sett upp í Merkgili og við Borgarbraut. Lagfæringar voru gerðar á leiðakerfinu þar sem vagnarnir voru ekki samkvæmt áætlun í fyrstu ferðum á morgnana.

Nýjar upplýsingar, sem eru unnar eftir sama upplýsingakerfi og er á höfuðborgarsvæðinu og víðast í Evrópu, voru settar á biðstöðvar og leiðabók með þessum nýju upplýsingum var gefin út og send á öll heimili. Jafnframt er nú hægt að fá rafrænar upplýsingar á slóðinni www.straeto.is og á heimasíðu Akureyrarbæjar um leiðir og áætlunartíma strætisvagnanna, vegalengd að og frá biðstöð og kort sem sýnir leiðina sem ekin er ásamt biðstöðvum á leiðinni.

Farþegar voru um 460.000 og eknir km 256.000 sem er mjög svipað og síðustu ár.


Engin breyting varð á ferilþjónusta fatlaðra. Farþegar voru 51.500 og eknir 100.000 km.

Heilsugæslustöðin

Akureyrarbær hefur í rúman áratug rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) samkvæmt þjónustusamningi við velferðar- ráðuneytið og fyrirrennara þess. Umdæmi HAK er 6 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Einnig eru íbúar hins forna Hálshrepps (núverandi íbúar Þingeyjarsveitar) í umdæmi HAK. Hríseyingar tilheyra ennþá heilsugæsluumdæmi Dalvíkur. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var 20.185 (Hrísey undanskilin) þann 1. des. 2011. Á svæði HAK hefur íbúum fjölgað um 11 % sl. 10 ár.

Reynslan af því að reka heilsugæslu og öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbæ er mjög góð og þær vinnuaðferðir sem voru þróaðar hafa vakið mikla athygli og gengið undir nafninu


Fjöldi íbúa á svæði HAK



„Akureyramódelið“. Er með því vísað til samvinnu og samþættingar á sviði heilsugæslu-, félags-, öldrunar- og skólamála auk málefna fatlaðra og geðsjúkra svo eitthvað sé nefnt. Akureyramódelinu voru gerð góð skil í ársskýrslu Akureyrarbæjar árið 2007.

Frá árinu 2008 hafa kröfur um niðurskurð og hagræðingu sett mark sitt á starfsemi heilsugæslunnar. Reynt hefur verið að láta niðurskurð koma sem minnst niður á þjónustu en það hefur þó óhjákvæmilega gerst með minni mönnum og afleysingum. Aðgengi að fagfólki hefur minnkað og bið eftir tímum hefur vaxið. Samt hefur tekist að halda uppi svipuðum fjölda viðtala hjá læknum. Um 3.000 manns á svæðinu eru án fasts heimilislæknis.

Fjöldi viðtala hjá læknum



Heilsuverndin er að mestu óbreytt frá fyrri árum: mæðra- og ungbarnavernd er með svipuðu sniði og áður en metár var í fæðingum 2010. Skólaheilsugæslan var fullmönnuð og áfram var lögð áhersla á að efla þjónustu við barnafjölskyldur.

Í heimahjúkrun hefur sparnaður í heilbrigðisþjónustunni birst með áberandi hætti. Áhrifin komu fram í því að veikt fólk er lengur heima og þarf á meiri þjónustu að halda. Heimahjúkrun og heimaþjónusta unnu áfram þétt saman og skiptu með sér verkefnum til að ná fram eins mikilli hagræðingu og vinnusparnaði og hægt var. Álagið á starfsfólk sagði þó til sín og óvenju mikið var um langtíma veikindi í heimahjúkrun.

Íþróttadeild

Meginhlutverk íþróttadeildar er að annast yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflokksins sem og samskipti við félags- samtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar samþykktum íþróttaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþróttá Akureyri til framkvæmda.

Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð að vanda. Ýmiss konar viðburðir, aðrir en íþróttæfingar og íþróttakapleikir, fara þar fram svo sem tónleikar, veislur og fundir.

Heimsóknir í Hlíðarfjall og Sundlaug Akureyrar

	2007	2008	2009	2010	2011
Hlíðarfjall	43.766	52.512	79.682	101.048	64.457
Sundlaug Akureyrar	323.752	330.40	332.500	333.500	330.000

Íþróttastefna fyrir Akureyrarbæ var samþykkt á árinu. Stefnan leggur línur um samstarf bæjarfélagsins og íþróttafélaganna í sveitarfélaginu. Hún tekur til hinna fjölmörgu mismunandi hópa sem stunda íþróttir. Hún á að höfða jafnt til allra íbúa óháð aldri, stétt eða stöðu, uppruna, kyni og fötlun. Stefnan skiptist í fimm meginkafla þar sem fjallað er um almenningsíþróttir, skóla og íþróttir, íþróttastarf barna og unglinga, afreksstefnu Akureyrarbæjar í íþróttum og samstarf bæjarins og íþróttafélaganna.



Samfélags- og mannréttindadeild

Hlutverk samfélags- og mannréttindaeildar er umsjón og rekstur félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti við félög sem starfa á því sviði, forvarnamál, starfsemi Menntasmiðju kvenna og ungs fólks, málefni nýbúa, umsjón fjölskyldustefnu, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum bæjarins. Meginhluti starfsemi deildarinnar er til húsa í Rósenborg - möguleikamiðstöð.

Framboð tómstundanámskeiða var fjölbreytt. Boðið var upp á ný námskeið sem tæplega 2.000 börn og unglingar sóttu. Námskeiðin fóru flest öll fram í Rósenborg en einnig í grunnskólum bæjarins. Boðið var upp á sérstök námskeið fyrir börn og unglinga í Hrísey. Starfsemi handverksmiðstöðvarinnar Punktins var með hefðbundnu sniði, þar eru einnig í boði áhugaverð námskeið auk opinnar aðstöðu fyrir almenning. Rúmlega 14.000 heimsóknir voru í Punktinn. Punkturinn er í mikilli samvinnu við Starfsendurhæfingu Norðurlands og Vinnuálastofnunar.

Á vegum samfélags- og mannréttindaeildar eru reknar 6 félagsmiðstöðvar. Megináhersla í starfsemi félagsmiðstöðvanna er að styðja við félagsþroska ungs fólks og bjóða upp á fjöl-

Ungmenna-Húsið er upplýsinga- og menningarmiðstöð ungs fólks. Verkefni eru breytileg en megináherslur skýrar: Ungmenna-Húsið er vettvangur ungs fólk til þess að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og býður upp á fjölbreytta aðstöðu til þess. Sem dæmi um verkefni má nefna stuttmyndahátíð, skapandi sumarstörf, tónleikahald, leiksýningar og klúbbastarf. Þar hefur einnig ungliðahreyfing samtakanna 78 aðstöðu og AFS skiptinemasamtökin. Ráðgjöf og stuðningur er sérverkefni innan Ungmenna-Hússins og veitir ungu fólk aðstoð með hvaðeina sem upp kemur. Samstarf er við fjölskyldudeild um ungmenni sem ekki eru í skóla eða í vinnu. Verkefnið er í mótun en á haustönn 2011 voru 6 einstaklingar sem fengu stuðning í gegnum þetta verkefni til lengri tíma en flestir virðast sækjast eftir aðstoð í 1-3 skipti. Einnig hafa í nokkrum tilfellum foreldrar leitað eftir aðstoð vegna ungmenna. Mikil samvinna er milla verkefnanna Ráðgjöf og stuðningur og Virkisins.

Virkið er samvinnuverkefni Akureyrarbæjar, Vinnuálastofnunar og Rauða krossins um aðstoð við ungt fólk 18- 26 ára sem er án atvinnu. Megintilgangur Virkisins er að halda utan um þennan unga viðkvæma hóp. Þeim er ætlað að skila 10 klukkustundum í virkni í hverri viku. Þessum klukkutímum er varið í virka atvinnuleit, fræðslufyrirlestra og virkni eftir áhugasviði, s.s. klúbbastarf, handverk á Punktinum, sjálfboðaliðastörf og ýmislegt fleira. Frá því verkefnið fór af stað á haustmánuðum 2011 hafa um 80 ungmenni tekið þátt í því í hverjum mánuði. Vel hefur gengið að koma þeim í vinnu eða annars konar úrræði. Niðurstöður athuganna meðal þátttakenda eru afar jákvæðar og svo virðist sem tekist hafi að rjúfa einangrun og að töluverðu leyti að koma í veg fyrir að ungt fólk sitji eftir á atvinnuleysisrá. Sumarið 2011 sóttu alls 203 einstaklingar um starf í sumarátaki Akureyrarbæjar fyrir 17 ára og eldri. Af þeim hófu 157 störf í gegnum átakið. Boðið var upp á vinnu í 4 vikur eða um 140 klst fyrir hvern einstakling. Alls dreifðist unga fólkid á 38 vinnustaði en flestir fóru til íþróttafélaganna. Önnur dæmi um starfsvettvang eru hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð, Iðnaðarsafnið, Rósenborg og Lystigarðurinn.

Hverjum grunnskóla á Akureyri stendur til boða að senda 3 nemendur í starfstengt nám. Er það úrræði hugsað fyrir þá nemendur sem standa höllum fæti í bóklegu námi. Verkefnastjóri tekur ungmennin í viðtal og kannar hvaða fyrirtækjum eða stofnunum ungmennin hafa helst áhuga á að vinna hjá.

Þeim er svo fylgt eftir í þeirri vinnu. Í lok tímabilsins fá ungmennin umsögn frá fyrirtækinu og verkefnastjóra starfstengda námsins. Þetta úrræði hefur reynst vel og er mikilvægt fyrir það unga fólk sem á í vanda í hefðbundnu námi en fær að sýna hvað í því býr annars staðar en í skólastofunni.

Aðgerðaáætlun í forvarnamálum var endurnýjuð. Hún tekur mið af Forvarnastefnu Akureyrarbæjar og í henni er að finna upplýsingar um forvarnafræðslu til barna og ungmenna. Lögð er áhersla á fræðslu um skaðsemi vímuefna, geðheilbrigði, kynferðisofbeldi og óhóflega tölvunotkun.

Samkvæmt samningi við Akureyrarbæ sá Starfsendurhæfing Norðurlands um rekstur kvennasmiðju á haustönn. Kvennasmiðjan byggir á grunni Menntasmiðju kvenna sem rekin hefur verið um árabil.

Starfsemi Alþjóðastofu, Þjónustu- og upplýsingamiðstöðvar fyrir erlenda íbúa bæjarins, er nú á 1. hæð í Ráðhúsinu við Geislagötu.

Jafnréttisstefna bæjarins var endurskoðuð á árinu í samræmi við ákvæði jafnréttislaga.



Hátíðarhöld á Ráðhústorgi árið 1962. Ljósmynd: Gunnar Rúnar Ólafsson.

breytt tækifæri til uppbyggilegs frítímastarfs. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna sér um kennslu í félagsmálafræðum við grunnskólana og sjá ungmenni þar um skipulagningu og framkvæmd félagsmiðstöðvastarfsins. Félagsmiðstöðvarnar bjóða upp á klúbbastarf ýmiskonar, halda úti opnu starfi einn seinnipart og tvö kvöld í hverri viku og svo halda þær utanum fjölmarga sameiginlega viðburði í hverjum mánuði. Samstarf félagsmiðstöðvanna og skólanna hefur farið vaxandi og einnig samstarf við fjölskyldudeild. Yfir sumartímamenn sjá félagsmiðstöðvarnar um ýmis vinnutillboð í samvinnu við Vinnuskólann. Má þar nefna fjölmiðlahópa, skapandi hópa og rekstur útvarpsstöðvar. Einnig sjá félagsmiðstöðvar um skipulagningu fræðslu fyrir alla þátttakendur í Vinnuskólanum.

Mikil fjölgun þátttakenda er í allri starfsemi félagsmiðstöðvanna og munar þar mest um félagsmálafræðikennsluna en þar eru um 140 ungmenni virk í starfsemi félagsmiðstöðvanna í hverri viku. Alls eru um það bil 2.200 heimsóknir í félagsmiðstöðvarnar í hverjum mánuði í þá 9 mánuði sem þær eru opnar.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeilda Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, löðaúthlutanir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem leggur línur og verður ekki framhjá komist nema með breytingum á því. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflökkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeilda en þar starfa 8 manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Skipulagsnefnd hélt 24 fundi á árinu 2011 og tók til umfjöllunar 261 mál. Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 50 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og tók til umfjöllunar 468 mál. Fjöldi úttekta byggingareftirlits á árinu voru 484 auk stöðu- og lokaúttekta og annarra skoðana á húsum.

Helstu skipulagsverkefni lokið 2011:

- Vestursíða hjúkrunarheimili, deiliskipulag
- Hlíðarendi, aðal- og deiliskipulag
- Þrastarlundur 3-5, deiliskipulag
- Golfvöllurinn Jaðri, deiliskipulag
- Giljahverfi, endurskoðun deiliskipulags

Skipulagsverkefni á vinnslustigi 2011:

- Svæðisskipulag Eyjafjarðar, endurskoðun
- Aðalskipulag Hríseyjar, endurskoðun
- Miðbær, 1. áfangi, deiliskipulag Drottningarbrautarreits
- Dalsbraut, deiliskipulag, framkvæmdarleyfi
- Hlíðarfjall, skíðasvæði, deiliskipulag
- Kjarnaskógur, deiliskipulag
- Innbær, endurskoðun deiliskipulags
- Tenging Brálundar við Miðhúsabraut
- Háspennulínur um Akureyri, aðalskipulagsbreyting að Kífsá
- Klettaborg, endurskoðun á deiliskipulagi
- Reiðleiðir, endurskoðun, aðalskipulagsbreyting
- Glerárdalur, umhverfisskipulag
- Hlíðarverfi, deiliskipulag
- Siglingaklúbburinn Nökkvi, deiliskipulag

Samkvæmt stefnu L-listans í bæjarstjórn er lögð áhersla á neðangreind verkefni. Verkefni eru í undirbúningi.

Verkefni á undirbúningsstigi:

- Krossanes-Þórsnes, deiliskipulag
- Göngu- og hjólastígatengingar innan bæjarlandsins frá Kjarnaskógi að Krossanesborgum
- Torfunefsbryggja, endurgerð

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar:

- Deiliskipulag við Vestursíðu, að hluta lokið
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Deiliskipulag við Viðjulund
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Oddeyrin, endurskoðun

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefnið „þétting byggðar“ sem oft og tíðum er viðkvæmt mál og kallar á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Tryggja skal nægilegt framboð löða á hverjum tíma og er staðan þannig í árslok að til eru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Aðalskipulag Hríseyjar er í endurskoðun í samráði við hverfisráð Hríseyjar og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið árið 2012.

Landsnet ohf. hefur óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar þannig að hægt verði að ljúka við Blöndulínu 3 og áframtingingu við Kröflulínu. Gerð hefur verið aðalskipulagsbreyting á hluta línuleiðarinnar frá sveitarfélagsmörkum að Kífsá.

Gert er ráð fyrir að vinna hefjist innan tíðar við umhverfisskipulag Glerárdals þar sem lögð verði áhersla á göngu-, aksturs- og reiðleiðir.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2011.

Tölur í svigum eru frá 2010.

Íbúðarhús:

Hafin var smíði 18 íbúða (33) árið 2011, þar af voru einbýlishús 2 (2), 1 raðhús með 5 (0) íbúðum og 4 fjölbýlishús með 11 (31) íbúðum.

Skráðar voru fullgerðar 22 (3) íbúðir á árinu, þ.e. 2 (3) einbýlishús, 8 (0) íbúðir í raðhúsum og 12 (0) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fokheld og lengra komnin í byggingu 74 (74) einbýlishús, 74 (74) íbúðir í raðhúsum og 356 (298) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmra á veg komnin en fokheld í byggingu voru í árslok 9 (9) einbýlishús, 12 (15) íbúðir í raðhúsum og 226 (285) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Hafnar framkvæmdir við íbúðarbyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl.: 1.978 m² (3.986) og 6.445m³ (13.136).

Annað húsnæði:

Hafnar framkvæmdir á árinu:

Ósvör 6, verbúð; Hlíðarfjallsvegur, gámaþjónusta 2. áfangi; Sörlaskjól 9, hesthús; Hólabraut, viðbygging við stúku; Hólmátún 2, 2. áfangi Naustaskóla; Höfðagata 1, viðbygging; Vestursíða 9, hjúkrunarheimili; Grímseyjargata 1, vörugeymsla; Tjaldsvæði Hömrur, þjónustuhús; Þingvallastræti 23, viðbygging við hótél; Þrastarlundur 3-5, þjónustuíbúðir.

Auk þessa hafa verið hafnar framkvæmdir við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og meiri breytingar á eldri húsum.

Tekið í notkun eða fullgert á árinu:

Gleráreyrar 1, bensínstöð; Krossanes 4, tankhús; Norðurtangi 3, viðbygging; Þórsstígur 4, viðbygging.

Önnur stærri hús í byggingu á árinu:

Goðanes 4, iðnaðar- og geymsluhús; Granaskjól 6, hesthús; Hlíðarfjallsvegur, flokkunarstöð gámaþjónustu 1. áfangi; Krókeyri 2, mótörhjólasafn; Norðurtangi 5, breyting á iðnaðarhúsi; Sörlaskjól 7, hesthús; Ægisgata 9, verbúð.

Auk þess hefur verið unnið við ýmsar smærri viðbyggingar, sólskála, garðhús, bílgeymslur og aðrar minni og meiri breytingar á eldri húsum.




Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði 2011

Tegund	m2	m3
Landbúnaður	640	1.052
Fiskiðnaður	127	371
Vörugæmslur/geymar	892	4.302
Vinnsla búasafurða	0	0
Iðnaður	22	46
Verslun	0	0
Veitinga- og gísthúsið	0	0
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	0	0
Skrifstofuhúsnæði	0	0
Frístundahúsið	0	0
Önnur þjónustustarfsemi	1.754	5.988
Félagsleg starfsemi	90	0
Opinber starfsemi	7.419	34.722
Samtals	10.524	46.481
Tölur frá síðasta ári	(4.401)	(25.935)


Íbúðabyggingar eftir byggingarstigi

Fjöldi




Íbúðabyggingar hafnar eftir húsgærd

Fjöldi



Skóladeild


Á árinu 2011 var áfram leitað leiða til hagræðingar í rekstri málaflökksins án þess að ganga á þjónustu við börnin. Meðal þess sem áhersla var lögð á að skoða var fyrirkomulag við rekstur mótuneyta grun- og leikskóla og haldið var áfram vinnu við að endurskoða stjórnkerfi skóla. Þá var mikil vinna lögð í mótun stefnu



Kostnaður við heilsdagsigildi í leikskólum 2009 í þúsundum kr.

skólanefndar í starfsáætlun. Skólanefnd fundaði því 35 sinnum á árinu og er þetta metfjöldi fundu.

Rekstur málaflökksins var í heild 0,4% umfram áætlun eða um 20 m.kr. Þar munaði mest um hærrí húsaleigukostnað og kostnað umfram tekjur í skólámötuneytum allra skólanna. Vegna þess að rekstur ársins 2010 skilaði afgangi samþykkti bæjarstjórn að veita skólunum 10 m.kr. framlag sem nota átti til að bæta námsaðstæður í skólum. Þar sem allir skólarnir hafa verið vel reknir undanfarin ár var fjárveitingunni skipt hlutfallslega milli skólanna með tilliti til nemendafjölda. Það var svo staðfest í úttekt vegna stjórnkerfisbreytinga að skólarnir á Akureyri hafa verið mjög vel reknir þrátt fyrir hátt hlutfall fagmanna í starfi. Þetta má sjá á meðfylgjandi myndum en þar kemur fram að ef borinn er saman rekstrarkostnaður leikskóla er kostnaður á Akureyri nálægt miðju þótt hlutfall fagmenntaðra starfsmanna sé þar langhæst eða um 70% af heildarfjölda stöðugilda á meðan það er um 50% hjá hinum sveitarfélögum.



Beinn rekstrarkostnaður grunnskóla á hvern nemanda 2009 í þús. kr.

Svipið mynd kemur upp þegar kostnaður vegna grunnskóla er skoðaður með sama hætti eins og sjá má af meðfylgjandi mynd. Þessi niðurstaða er einnig merkileg fyrir þær sakir að á Akureyri er hlutfall kennara með réttindi 99% eða hæst af þeim sveitarfélögum sem hér eru borin saman. Mikil hefur því áunnist við að halda rekstrarkostnaði innan marka en fróðlegt verður að fylgjast með því hver þróunin verður á næstu árum.

Niðurstöðurnar höfðu veruleg áhrif á tillögur sem stýrihópur um endurskoðun á stjórnkerfi skóla á Akureyri lagði fyrir skólanefnd í lok maí. En þær tillögur voru í stórum dráttum:

- að miða stærðir grunnskóla við 450-500 börn í heildstæðum skóla (1.–10. bekkur)
- að miða stærð leikskóla við 90–150 börn
- að veita miðlægan stuðning við starfsmannamál og rekstrartengda þætti
- að samræma innkaup og stjórn skólámötuneyta og taka upp samræmdan matseðil sem taki mið af gæðastuðlum Landlækniseimbættisins
- að skólastjórum verði veitt ráðgjöf til að skerpa á stjórnunarfyrirkomulagi skólanna og skilgreina ábyrgðarhlutverk, starfskyldur og vinnubrögð í skólunum
- að styðja við og koma á teymisvinnu/teymiskennslu í öllum skólunum og með skólastjórum innan hverfa
- að skipuleggja faglegan samvinnudag allra skólastjóra minnst einu sinni í mánuði
- að stjórnkerfi leikskóla yrði endurskoðað frá grunni

Þá voru lagðar fram sértækar tillögur s.s. að sameina leikskólana Pálmholt og Flúðir, sameina leikskólana Síðusel og Holtakot og hætta rekstri Sannubóls þegar leigusamningur rennur út og flytja þau rými í Naustahverfi. Einnig var lagt til að efla samstarf og samvinnu Naustaskóla og Naustatjarnar, þ.e.grunnskóla og leikskóla með það að markmiði að skoða kosti og galla samreктursturs slíkra stofnana í stóru bæjarfélagi.

Skólanefnd óskaði eftir umsögnum frá skólunum, rýnihópum leikskólakennara, deildarstjóra í leikskólum, leikskólastjórum og foreldrum. Alls bárust athugasemdir og greinargerðir frá 21 aðila og var greinilega mikil vinna lögð í greinargerðirnar. Skólanefnd áði hins vegar ekki að ljúka afgreiðslu á tillögnum á árinu.

Mikil vinna var lögð í að skoða leiðir til að hagræða í rekstri skólámötuneyta og var þá horft sérstaklega til reksturs mötuneyta í leikskólum. Gert var ráð fyrir að hægt væri að lækka launakostnað með því að fá viðmiðunarreglum um mönnun breytt og breyta fyrirkomulagi á morgunverði í leikskólunum. Hvorug þessara leiða reyndist fær á árinu en hins vegar var tekin ákvörðun um að hafa sameiginlegan matsæðil í öllum skólum Akureyrar. Megin-tilgangurinn var að tryggja gæði hráefnis og stýra innihaldi þess. Innkaup á hráefni voru því boðin út og voru fengnir fagaðilar til að meta hráefni og koma með góð ráð um matsæðilinn sem keyptur var af matráði Þðavallar þar sem hann hafði gefið góða raun og fagþópur mælt með honum.

Leikskólar

Leikskólinn er fyrsta skólástigið og er fyrir börn undir skólaskyldu-aldri. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í maí 2011 nýja aðalnámskrá fyrir leikskóla. Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið nánar á um hlutverk leikskóla á grundvelli laga um leikskóla og reglugerðar um menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum. Námskráin fjallar um menntunar-, uppeldis- og umönnunarhlutverk leikskólans, kveður á um mækingu og fyrirkomulag leikskólustarfs og ólíkar kröfur og réttindi sem taka til allra í hlutaðeigandi skólasamfélagi. Með tilkomu nýrrar aðalnámskrár þurfa leikskólar að endurskoða og yfirfara sína eigin skólanámskrá.

Akureyrarbær rekur 11 leikskóla á Akureyri og eina leikskóladeild í Hrísey og aðra í Grímsey. Auk þess styrkir bærinn tvo einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf. og Hlíðaból sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7.45–16.15. Leikskólarnir á Akureyri voru lokaðir í fjórar vikur sumarið 2011 en lokunartímabilin voru þrjú.


Í október voru um 98,4% barna á Akureyri á aldrinum 2–5 ára, fædd 2006–2009, í leikskóla. Þar voru einnig um 8,2% barna fædd 2010 en börn þurfa að hafa náð a.m.k 18 mánaða aldri til þess að komast í leikskóla. Í október voru alls 1.097 börn í leikskólunum og 943 börn voru í 7–8,5 tíma vistun og 154 börn í 4–6,5 tíma vistun. Stöðugildin í leikskólunum í október voru alls 248,5 og störfuðu þá 300 starfsmenn í leikskólunum.

Norræn leikskólaráðstefna var haldin í Menningarhúsinu Hofi dagana 1. og 2. september. Meginþema ráðstefnunnar var leikurinn. Á ráðstefnunna voru skráðir 143 þátttakendur, 119 frá hinum Norðurlöndunum og 24 Íslendingar. Frá árinu 2000 hafa leikskólakennarar frá vinabæjunum fjórum, Akureyri, Randers í Danmörku, Ålesund í Noregi og Västerås í Svíþjóð haft með sér samstarf og fyrir ári komu leikskólakennarar frá Lahti í Finnlandi inn í þetta samstarf. Meginfyrirkomulagið á þessu samstarfi er að tveir til þrjár aðilar frá hverjum vinabæ mynda stýrihóp. Hópurinn hittist einu sinni á ári og hann sér um að halda utan um og skipuleggja samstarfið. Haldnar hafa verið ráðstefnur einu sinni á ári um málafni leikskólans og hafa löndin skipst á að halda þær. Akureyri hélt nú sína þriðju norrænu leikskólaráðstefnu. Með þessu norræna leikskólasamstarfi hefur skapast vettvangur fyrir leikskólakennara að gerast gestakennarar á hinum Norðurlöndunum og dagana í kringum ráðstefnuna tóku 20 norrænir leikskólakennarar þátt í leikskólustarfinu á Akureyri.

Mikið álag var á leikskólustarfsfólki þetta ár vegna yfirvofandi breytinga á stjórnkerfi skóla á Akureyri og kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.


Á árinu voru kynntar niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal foreldra barna í leikskólum. Svörin var ágæt en 63,1% foreldra svörðu spurningalistanum. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær að almenn ánægja ríkir meðal foreldra með leikskóla Akureyrarbæjar hvort sem litið er til innra starfs eða aðbúnaðar barnanna í leikskólunum. Ákveðinn afstöðumunur er þó í svörum foreldra m.t.t. hvar í leikskóla börn þeirra eru.

Helmingur foreldrahópsins segist hafa kynnt sér skólustefnu Akureyrarbæjar vel en 40% illa. Þeir sem kváðust hafa kynnt sér skólustefnuna vel lögðu mat á starf skólanna og kváðu það í samræmi við stefnu bæjarfélagsins. 85% foreldra er sammála því að starfshættir leikskólanna hvetji til samstarfs og samvinnu starfsfólks, foreldra og nærsamfélags. Afstaða foreldra er þó talsvert mismunandi eftir því hvar í leikskóla barn þeirra er. Leikskólarnir



Ánægja foreldra með leikskólann

viðast ekki leggja áherslu á að virkja foreldra í uppeldisstarfi leikskólanna né að veita þeim upplýsingar um hvernig þeir geta stuðlað að auknum þroska barnsins. Foreldrar virðast almennt telja að leikskólinn beri umhyggju fyrir börnunum. Þeir telja að komið sé til móts við þarfir barnanna, gerðar kröfur til þeirra og þeim veitt þjónusta lendi þau í erfiðleikum. Í heildina tekið virðast foreldrar þeirrar skoðunar að leikskólar haldi í heiðri áherslur aðalnámskrár leikskóla í innra starfi sínu.



Afstaða til hollustu fæðis í hverjum leikskóla

Ólík afstaða kemur fram gagnvart hollustu fæðis eftir leikskólum, eins og sjá má á myndinni hér að ofan, en almennt eru foreldrar sammála því að börnunum þygi maturinn góður. Ekki er mikill áhugi meðal foreldra á að breyta morgunverði og er meirihluti þeirra reiðubúinn að greiða hærra fæðisgjald til að standa undir þjónustunni.

Almennt eru foreldrar sammála um að gjaldskrá leikskólans sé sanngjörn. Tæp 60% foreldra fallast ekki á að taka á sig hærra hlutfall af raunkostnaði leikskólans. Um 40% segjast hins vegar reiðubúnir til þess.

Foreldrar telja mikið stökk fyrir nemendur að færast úr leikskóla í grunnskóla. Meirihluti þeirra sem afstöðu taka telja ekki mikilvægt að halda skólástigunum aðgreindum og svipað hlutfall telur að réttlætianlegt geti verið að sameina tvo leikskóla í einn.

Dagforeldrar voru 43 í desember og hjá þeim dvöldu alls 195 börn. Niðurgreitt var frá Akureyrarbæ fyrir 193 börn: 149 börn giftra foreldrar og foreldra í sambúð, 39 börn einstæðra foreldra og niðurgreitt var fyrir 5 börn þar sem báðir foreldrar voru í námi. Þá voru 2 börn sem ekki voru með lögheimili í bæjarfélaginu.

Á árinu 2011 létu tveir dagforeldrar af störfum og alls voru veitt tíu ný leyfi til daggæslu í heimahúsi.

Starfsdagur dagforeldra var haldinn 11. nóvember og voru 27 dagforeldrar sem nýttu sér þá fræðslu sem í boði var á starfsdaginn en hinir kusu að starfa þennan dag.

Grunnskólar

Grunnskólar Akureyrarbæjar voru 8 á árinu og einn sérskóli, Hlíðarskóli. Í skólunum stunduðu 2.610 nemendur nám, þar af var 41 nemandi skráður í sérdeildir eða Hlíðarskóla. Nemendum fjölgaði um 36 á milli ára. Flestir voru nemendurnir í Brekkuskóla, 474, og fæstir í Grímseyjarskóla, 13. Í Grímseyjarskóla og Hríseyjarskóla eru einnig reknar leikskóladeildir.

Á þriðja starfsári Naustaskóla hófu 248 nemendur nám í 1.–9. bekk. Vegna þess að Naustaskóli bætir við sig einum árgangi




á ári til ársins 2012 veldur það mikilli hreyfingu nemenda frá Brekkuskóla og Lundarskóla en á milli ára fjölgaði um 50 nemendur í Naustaskóla. Mest fækkaði nemendum í Glerárskóla á milli ára. Þetta veldur ákveðnum breytingum í mannhaldi sem þeir skólar þar sem fækkun nemenda er mest verða að laga sig að næstu tvö árin.

Mikil umræða hefur verið um niðurskurð í skólakerfinu. Skólanefnd hefur ávallt lagt áherslu á að láta niðurskurðinn bitna sem minnst á þjónustu við nemendur. Til þess að sýna fram á hvort þetta hefur tekist er gott að skoða nokkrar lykiltölur ársins 2011 og bera þær saman við árið 2008: Nemendum hefur fjölgað um 36 frá 2008, en nemendum í sérdeildum eða sérskólum hefur fækkað um 14. Almennar kennslustundir voru 4.945 árið 2011 en 4.872 árið 2008. Þetta þýðir að á hvern nemanda voru 1,92 almennar kennslustundir 2011 en 1,94 árið 2008. Þessi fækkun kemur til vegna niðurskurðar í fjárhagsáætlun 2011. Sérkennslustundir voru 1.362 árið 2011 en 1.434 árið 2008 eða 0,52 stundir á hvern nemanda 2011 en 0,56 stundir 2008. Þessi fækkun kemur til vegna þess að ekki reyndist þörf fyrir 8 pláss í Hlíðarskóla og var því stöðugildum og kennslustundum fækkað þar. Þá fækkaði nemendum einnig í sérdeild Giljaskóla en þar eru mjög mikið fatlaðir nemendur með greindarskerðingu vistaðir. Stór hluti þessara tíma fór inn í úthlutun til skólanna utan sérdeilda. Einn mælikvarði enn er hve margir nemendur eru á hvert stöðugildi kennara utan sérdeilda og sérskóla. Árið 2011 voru 10,52 nemendur á hvert stöðugildi kennara en árið 2008 voru 10,68 nemendur á hvert stöðugildi kennara. Af þessu má ráða að fækkun kennslustunda hefur nær eingöngu verið vegna sérdeilda og Hlíðarskóla. Til fróðleiks má geta þess að heildarstöðugildafjöldi í grunnskólunum var 398 árið 2011 en 405 árið 2008. Á þessum árum fjölgaði stöðugildum kennara um 8 en stöðugildum vegna stjórnunar fækkaði um 2,5, stöðugildum stuðningsfulltrúa um 8 og í frístund og öðrum störfum um 5,5.

Skólaárið hófst að þessu sinni með fræðslu til allra starfsmanna grunnskólanna um sköpun í skólastarfi og skapandi skólastarf. Var fræðslufundurinn haldinn í Hofi og voru fyrirlesarar Ágúst Ólason skólastjóri í Varmahlíð og Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.


Í upphafi árs voru kynntar niðurstöður könnunar sem gerð var meðal nemenda í 4.-7. bekk grunnskólanna vorið 2010. Nemendur



virðast sáttir við aðstæður sínar í grunnskólum Akureyrar og eru jákvæðir í garð skólans. Nemendur vilja ná árangri í námi og telja að þeir fái aðstoð og stuðning þegar þeir þurfa á því að halda. Lágt hlutfall nemendahópsins segist ekki hafa áhuga á því sem kennt er og ekki ráða við það sem nemendur eiga að gera í tímum. Stúlkur virðast hafa mun meiri áhuga á náminu en drengir og mun hærra hlutfall þeirra segist ráða við það sem nemendur eiga að gera í kennslustundum. Eftir því sem líður á skólagönguna dvínar áhugi nemenda á náminu og færri nemendur telja sig fá hjálp í tímum þegar hennar er þörf. Mikill meirihluti nemenda telur sig vinna vel í skólanum og vinna verkefni í samvinnu við aðra nemendur. Marktækur munur er á afstöðu drengja og stúlkna að þessu leyti þar sem drengir telja síður að þeir vinni vel í skólanum og vinni verkefni í samvinnu við aðra nemendur. Lítil ánægja virðist vera með heimanám en einungis líðlega helmingur segist sammála því að það sé hæfilegt. Marktækur munur er á milli kynja í afstöðu til heimanáms þar sem hærra hlutfall stúlkna segir námið hæfilegt. Á sama hátt minnkar ánægjan með heimanám eftir því sem lengra líður á skólagönguna og mest er óánægjan í 7. bekk. Samskipti

nemenda og kennara virðast almennt vera með ágætum. Þrátt fyrir það er talsverður munur á afstöðu nemenda til þeirrar fullyrðingar að samskipti þeirra við kennara séu góð og að þeir geti rætt við umsjónarkennara þegar eitthvað bjátar á. Enn síður virðast nemendur telja sig geta leitað til annars starfsfólks þegar þannig stendur á.

7% nemenda er sammála því að hafa oft orðið fyrir stríðni, árásum og hótunum af ýmsu tagi frá skólafélögum. Fleiri drengir



en stúlkur telja sig verða fyrir einelti af þessu tagi. Nemendum finnst skólar ekki bregðast nógu fljótt við stríðni. Einkum eru það nemendur 7. bekkjar sem telja að skólar bregðist ekki við. Munur er á afstöðu nemenda að þessu leyti m.t.t. þess hvar í skóla þeir eru.

Viðurkenningar

Skólanefnd telur ástæðu til að beina athyglinni að því sem vel er gert og byggir að mestu á áhuga og vilja einstaklinganna til að nýta sem best það sem þeir hafa úr að spila. Því er nemendum, einstaklingum og verkefnum veitt viðurkenning á hverju ári. Föstudaginn 10. júní 2011 bauð skólanefnd til uppskeruhátíðar í Ketilhúsinu þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur, starf, áhuga og vilja.

PMT-Foreldrafærni og SMT-Skólafærni

Þrjú grunnskólar, Síðuskóli, Oddeyrarskóli og Lundarskóli, og átta leikskólar, Kiðagil, Flúðir, Holtakot, Lundarsel, Sunnuból, Síðusel, Pálmholt og Hlíðaból, vinna nú eftir leiðum SMT–stýðjandi skólafærni. Fyrstu skólarnir verða sjálfstæðir SMT–skólar á árinu 2012.

Tveir fagaðilar luku meðferðarmentunarnámi hjá Skólaskrifstofu Hafnarfarðar á árinu og eru nú fjórir PMT–meðferðaraðilar starfandi hjá Akureyrarbæ.

Haldið var eitt grunnmenntunarnámskeið á árinu og hafa nú samtals 117 fagaðilar á Akureyri lokið grunnmenntun á átta námskeiðum. Markmið grunnmenntunar er að efla færni fagstétta í PMT–ráðgjöf og meðferð vegna hegðunarefíðleika. Þessir aðilar eru flestir starfandi innan SMT–skólafærni skólanna og nýttist þekking þeirra því mjög vel í skólasamfélaginu.

Þrjú foreldranámskeið voru haldin á árinu, þar af eitt námskeið sérstaklega fyrir foreldra barna með ADHD sem styrkt var af félagsmálaráðuneytinu. Einnig voru átta fjölskyldur í PMT–meðferð og 11 fjölskyldur í PMTO–meðferð fyrir foreldra unglinga sem nú er þróunarverkefni í samvinnu við Barnaverndarstofu.

Tónlistarskólinn á Akureyri

Nemendur voru 432 í skólabyrjun 2011. Skólinn hratt af stað nokkrum nýjum verkefnum að hausti og má þar m.a. nefna hljóðfærhringekju fyrir byrjendur, tónlistarskóla í Hofi og kennslu í hljóðversupptökum. Fjöldi tónleika var svipaður og undanfarin ár eða í kringum 90 og voru þeir unnir í samstarfi við ýmsa aðila, s.s. Glerárkirkju, Te og Kaffi, Hlíð, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Silfurtunglið og marga fleiri. Áfangapróf voru 65 á árinu og er það tæp þreföldun á fjórum árum.

Meðal stærri verkefna á árinu má nefna samstarf við tónlistarmúsina Maxímús Músíkús sem heimsótti nemendur grunnskóla í Hofi í upphafi skólaárs en þar léku nemendur og kennarar tónlistarskólans veigamikil hlutverk. Einnig stóð skólinn fyrir Evróvisjón–tónleikum í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands en þar léku nemendur og kennarar skólans saman ásamt

Ervísjónstjórnunum Friðrik Ómari, Regínu Ósk, Jónsa og Grétu Salome.

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur í febrúar og komu um 1.500 manns í Hof þann dag á 8 ólíka viðburði. Tónlistarskólinn á Akureyri tók einnig þátt í uppskeruhátíð tónlistarskóla, Nótunni, í febrúar. Á svæðisbundnu hátíðinni fyrir Norðausturland hlaut skólinn hvorki meira né minna en 5 af þeim 7 viðurkenningum sem veittar voru. Á lokahátíðinni í Hörpu voru veittar 9 viðurkenningar í öllum flokkum og kom píanónemandinn Alexander Smári Kristjánsson Edelstein sigursæll heim með Nótu í farteskinu.

Tónlistarskólinn tók á móti blásaranemendum víðsvegar af landinu í apríl þegar landsmót skólahljómsveita var haldið á Akureyri. Um 600 nemendur og 100 foreldrar tóku þátt í mótinu sem haldið var víðsvegar um bæinn. Tónlistarskólinn notaði tækifærið til þess að blása nýju lífi í blásarastarf skólans og er stefnt að því að endurvekja lúðrasveitarstemminguna á Akureyri.

Útgáfumál

Skóladaeild heldur úti vefsíðunni www.skoladeild.akureyri.is þar sem finna má allar helstu upplýsingar um það sem er að gerast í skólamállum hjá Akureyrarbæ og allt sem gefið hefur verið út af skýrslum og öðru efni. Þá gefur skóladaeild út rafræna ritið Skólaakur sem kemur út annan hvern fimmtudag í september–maí ár hvert.

Starfsmannaþjónusta

Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn Akureyrarbæjar, bæjarfulltrúa og nefndarmenn ásamt ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins um kjör og réttindi, mannauðsmál og ráðningar starfsmanna. Einnig hefur deildin umsjón með framkvæmd mannauðsstefnu Akureyrarbæjar, kjarþróun og fræðslumálum starfsmanna.

Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2011 er að finna í eftirfarandi töflu:

		Konur	Karlar
Fjöldi launþega	3.436		
Samtals greidd laun í milljónum króna	6.566		
Ársverk	1.495	1.089	406
Starfsumsóknir			
Fjöldi umsækjenda alls	2.621	1.498	1.123
Umsóknir um sumarvinnu	719	472	247
Ráðnir í sumarvinnu	430	274	156
Ráðnir til vinnu í atvinnuátaki	220	86	134
Ráðnir til sumarvinnu með stuðningi	175	70	105
14 ára í vinnuskóla	213	104	109
15 ára í vinnuskóla	191	82	109
16 ára í vinnuskóla	182	80	102



Gengið niður Gilið um 1955 eftir mikla snjóhátíð. Ljósmynd: Gísli Ólafsson.



Boðið var upp á sumarvinnu fyrir unglinga árið 2011 eins og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14-15 ára bauðst vinna í vinnuskóla 3 klukkustundir á dag í 6 vikur, samtals 72 klukkustundir. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 6 stunda vinnu á dag í 6 vikur, samtals 144 klukkustundir. Unglingar 14-16 ára unnu 4 daga í viku, ekki var unnið á föstudögum. Atvinnulausu skólafólki á aldrinum 17-25 ára með lögheimili á Akureyri var boðin sumarvinna í 4 vikur, 7 tíma á dag, samtals 140 klukkustundir. Akureyrarbær tók einnig þátt í átaki Vinnuálastofnunar og Velferðarráðuneytisins um að fjölga störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur.

Frá hausti 2010 til loka ársins 2011 stöðu yfir kjaraviðræður á almennum og opinberum vinnumarkaði. Fyrstu kjarasamningar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru undirritaðir í maímánuði og þeir síðustu í lok september og var alls undirritaður 41 kjarasamningur við 66 viðsejendur. Gildistími samninga er frá 1. maí

í sér spá um mönnunarbörf, vaktaskipulagningu, viðveruskráningu og reikna tíma til launa yfir í SAP fyrir hvern starfsmann, hvern dag og launalið sem gefur góðar upplýsingar fyrir stjórnendur til þess að fara yfir og samþykkja launaútreikning. Viðveruskráningu og tímastjórnun eru m.a. hluti af nýjungum sem gefa stjórnendum tækifæri til að sjá hvern dag fyrir sig, áætla mönnun, sjá mætingu og stöðu hvers starfsmanns m.t.t. vinnuskyldu og unninna klukkustunda. Á þeim stofnunum þar sem viðveruskráning er notuð gefa kerfin gott yfirlit yfir mætingu starfsmanna á móti skipulagi frá degi til dags. Í kerfunum hefur stjórnandi m.a. möguleika á að hafa yfirsýn yfir lykilupplýsingar er varða starfsmenn, eins og stöðu fjarvista, yfirvinnu og þess háttar og auka einnig upplýsingaflæði til starfsmanna. Hver starfsmaður hefur sinn aðgang að kerfunum og getur nálgast upplýsingar um vaktaplan sitt, viðveruskráningu þar sem það á við og stöðu sína m.t.t. vinnuskyldu og vaktaplans og hvað hver dagur gefur í tímum talið.

Uppsetning gæðahandbókar fyrir deildina hélt áfram á árinu 2011. Markmiðið með gæðahandbókinni er að samræma vinnubrögð með því að skrásetja vinnuferla og leiðbeiningar. Gæðahandbókin er í sífældri þróun á deildinni og árangur þessarar vinnu hefur sýnt sig í samræmdari og markvissari vinnubrögðum starfsmanna. Nýtt gæðakerfi „One Quality“ var tekið í notkun á árinu og voru öll gæðaskjöl færð inn í nýja kerfið. Sú reynsla sem komin er á vinnu við innleiðingu og gerð gæðaskjala hefur nýst vel við innleiðingu kerfisins hjá öðrum stofnunum Akureyrarbæjar.

Í apríl sat starfsfólk starfsmannaþjónustunnar annan hluta náms hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt í Launaskólanum sem er 84 stunda námskeið fyrir launafulltrúa og þá sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og bæ. Á þessu sinni fékk starfsfólk fræðslu um launaútreikning hjá starfsfólki í skólum og í vaktavinnu.

Starfsmannaþjónustan heldur úti þremur upplýsingamiðlum fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar. Þeir eru starfsmannahandbók og stjórnendahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar og starfsmannavefurinn <http://eg.akureyri.is>.

Starfsmannavefurinn veitir starfsfólki aðgang að einstaklingsbundnum upplýsingum sem skráðar eru í SAP-mannauðskerfið. Þar getur starfsfólk m.a. skoðað launaseðla sína, fengið upplýsingar um stöðu orlofs og fjölda skráðra veikindadaga. Starfsmannalista fyrir alla vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar, afmælisbörn dagsins og lista yfir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ er einnig að finna á vefnum. Auk þessa getur starfsfólk skoðað reikninga, sem gefnir eru út af Akureyrarbæ, s.s. leikskólagjöld og fasteignagjöld.

Starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar er aðgengileg á slóðinni www.akureyri.is/starfsmannahandbok og þar er hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega birtar fréttir er varða starfsfólk Akureyrarbæjar. Stjórnendahandbók er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is/stjornendahandbok. Handbókin er upplýsingaveita til stjórnenda.

Fréttabréf starfsfólks Akureyrarbæjar, Innanbæjarkrónikan, var gefin út 6 sinnum árið 2011. Innanbæjarkrónikan inniheldur fræðandi upplýsingar fyrir starfsfólk um hin ýmsu málefni ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi sveitarfélagsins. Innanbæjarkrónikunni er dreift á kaffistofur stofnana bæjarins auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar.



Ráðhústorg steinlagt 15. júlí 1992. Ljósmynd: Dagur.

2011 til loka mars, júní eða september 2014 auk þess sem einn samningur er með gildistíma til loka júnímánaðar 2015.

Undanfarin ár hefur starfsmannaþjónustan unnið að innleiðingu á SAP-mannauðskerfi sem samanstendur af nokkrum kerfum sem innleidd hafa verið hjá Akureyrarbæ. Þetta eru launakerfi, ráðningarkerfi, námskeiðskerfi, skrifborð stjórnandans, skjalaskápur og íbúa- og starfsmannavefurinn www.eg.akureyri.is. Mannauðskerfið viðheldur og kemur skipulagi á upplýsingar um starfsfólk bæjarins og eykur þannig yfirsýn stjórnenda. Kerfið nýtist einnig sem tæki til að skipuleggja starfsþróun starfsfólks, s.s. með skipulagningu á símenntun og starfsmannasamtölum.

Innleiðing og viðhald á vaktaskipunarkerfunum „My Time Plan“ og „Time Care“ hélt áfram hjá stofnunum Akureyrarbæjar og nýjar viðbætur voru þróaðar og teknar í notkun. Um er að ræða hugbúnað sem auðveldar stjórnendum og starfsmönnum skipulagningu vinnutíma og frítíma með áherslu á sveigjanleika. Kerfin fela m.a.



Loftmynd af miðbæ Akureyrar árið 1930. Ljósmynd: Hallgrímur Einarsson

Í maí var send út könnun til allra starfsmanna Akureyrarbæjar sem voru í meira en 30% starfshlutfalli. Könnunin var send á netföng starfsmanna en þeir sem ekki höfðu netföng gátu svarað könnuninni á pappír eða á starfsmannavefnum. Í starfsmannakönnuninni var spurt um líðan, heilsu og starfstengd viðhorf starfsfólks sveitarfélagsins. Sams konar könnun var gerð árið 2010 og eru kannanirnar hluti af doktorsverkefni Hjördísar Sigursteinsdóttur í félagsfræði við Háskóla Íslands. Með könnuninni var uppfyllt markmið í mannaústefnu og jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar. Alls svöruðu 1.054 starfsmenn könnuninni og svarhlutfallið var 68%. Niðurstöðurnar gefa þar af leiðandi góða vísbendingu um hvernig starfsfólki bæjarins líður í starfi. Konur voru heldur duglegri að svara könnuninni en karlar þar sem nær 80% þeirra sem svöruðu eru konur sem er lítið eitt herra hlutfall en hlutfall kvenna meðal starfsmanna bæjarins í heild. Niðurstöður könnunarinnar eru þegar á heildina er lítið ánægjulegar og virðist starfsfólk Akureyrarbæjar almennt ánægt í starfi. Niðurstöður gefa t.a.m. til kynna að 85,8% starfsmanna séu mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „þegar á heildina er lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“. Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar sem gagnast við að stuðla að bættu starfsumhverfi. Starfshópur fékk það verkefni að fylgja niðurstöðum kannananna eftir og gera tillögur um aðgerðir. Starfshópurinn hefur t.a.m. komið á námskeiðum um starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur og boðið upp á námskeið um einelti fyrir vinnustaði bæjarins.

Starfsmannþjónustan tekur þátt í verkefninu Virkur vinnustaður ásamt Öldrunarheimilum Akureyrar og leikskólanum Pálmholti. Um er að ræða þróunarverkefni í samstarfi við VIRK-starfsendurhæfingarsjóð um forvarnir og endurkomu starfsfólks til vinnu eftir veikindi eða slys. Tilgangur verkefnisins er að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og aðstoð við að móta og innleiða stefnu um velferð og fjarvistir. Verkefnið hófst í október og mun standa í þrjú ár.

Simenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stærstum hluta fram á hverjum og einum vinnustað fyrir sig en sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar hefur aukist undanfarin ár. Reglulega eru t.a.m. haldin nýliðanámskeið og þjónustunámskeið.

Í mars var í fyrsta skiptið haldið starfslokánámskeið á vegum Akureyrarbæjar. Markmið námskeiðsins var að hjálpa starfsfólki að undirbúa starfslok vegna aldurs, aðlaga sig breyttu lífsmynstri og stuðla að innihaldsríku lífi að starfi loknu. Markhópurinn var starfsfólk Akureyrarbæjar eldra en 60 ára. Samstarfsaðilar voru stéttarfélagin Kjölur og Eining–Íðja sem bæði styrktu námskeiðið og Sjúkrahúsið á Akureyri og Norðurorka en þeirra starfsfólk sótti einnig námskeiðið. Mikil ánægja var meðal þátttakenda með þetta framtak og stefnt er að því að halda slíkt námskeið framvegis á tveggja ára fresti.

Samstarf við fræðslusjóðina Sveitamennt og Mannauðssjóð Kjalar er afar gott og hefur Akureyrarbær fengið fjölda styrkja úr þessum sjóðum til þess að sinna endurmenntunarförfum starfsmanna sinna. Sem dæmi um námskeið sem haldið hefur verið með stuðningi frá fræðslusjóðunum má nefna „Að verða hluti af heild“ sem 110 starfsmenn grunnskólanna sóttu í annað skiptið á starfsdögum skólanna í ágúst sl. Auk margra minni verkefna hafa fræðslusjóðirnir styrkt stór verkefni þar sem fræðsluþarfir eru greindar og fræðsluáætlun er útbúin t.a.m. fyrir starfsfólk samfélags- og mannréttindaeildar, búsetudeildar og öldrunarheimilanna.

Hjá Akureyrarbæ starfa yfir 80 stjórnendur og skipuleggur starfsmannþjónustan stjórnendafræðslu fyrir þennan hóp. Markmið stjórnendafræðslunnar er að styrkja stjórnendur í starfi. Fræðsludagatal er að finna í stjórnendahandbók á vef Akureyrarbæjar og þar eru tiltekin þau námskeið sem haldin verða á næstunni. Auk ýmissa námskeiða voru tveir starfsdagar stjórnenda haldnir á árinu þar sem stjórnendur komu saman til að ræða sameiginleg verkefni og fengu fræðslu um sameiginleg málefni.



Öldrunarheimili

Um 400 manns fengu þjónustu Öldrunarheimila Akureyrarbæjar (ÖA) á árinu 2011, íbúar, fólk í skammtímadvöl og í dagþjónustu. Rúmlega 400 manns störfuðu á heimilunum á árinu þannig að það er fjölmennur hópur sem býr og starfar á ÖA. Auk þess kemur fjöldi gesta á öldrunarheimilin á hverju ári, aðstandendur, vinir, sjálfboda-liðar og ýmsir gestir. Má þar nefna nokkur hundruð leikskólabörn og menntskælinga. Umsvifin eru á við stórt þorp eða kaupstað á íslenskan mælikvarða. Þar getur allt gerst.

Afdrifarikast í rekstrinum 2011 var að velferðarráðuneytið beitti aftur niðurskurðarhnífnum á öldrunarheimilin á Akureyri og fækkaði rýmum um 7 í fjárlögum 2011. Loka þurfti einni deild í Hlíð og flytja íbúa yfir á aðrar deildir. Ákveðið var í samráði við bæjaryfirvöld að starfsfólki skyldi ekki sagt upp vegna niðurskurðarins heldur yrði því fækkað smám saman með því að ráða ekki í störf sem losnuðu. Reynt var að upplýsa íbúa, aðstandendur og starfsfólk vel og mæta óskum

á biðlista eftir skammtímadvöl, 9 eftir dvalarrými og 12 á biðlista eftir hjúkrunarrými.

Í Hlíð er sértæk dagþjónusta sem hefur að markmiði að auðvelda öldruðum sem þurfa eftirlit og umsjón að búa sem lengst á eigin heimili. Leyfi er fyrir 16 dagþjónusturýmum en auk þess sér Hlíð um rekstur eins dagþjónusturýmis fyrir Eyjafjarðarsveit. Mikil aðsókn er að dagþjónustunni og nýttu 66 einstaklingar sér hana árið 2011, 42 konur og 24 karlar. Að meðaltali nýta 40 manns dagþjónustuna í Hlíð í hverri viku.

Starfsmannalán leikur enn við ÖA. Með afleysingum störfuðu 418 starfsmenn í 196 stöðugildum á heimilunum 2011, 7 stöðugildum færri en árið áður. Starfsmannavelta var lítil sem fyrr og traust og reynslumikið starfsfólk er ein stærsta auðlind öldrunarheimilanna. Starfsmenn hafa lagt hart að sér að veita góða og einstaklingsmiðaða þjónustu þrátt fyrir mikið aðhald og niðurskurð síðustu ár og verður það seint metið sem skyldi.

Rekstur ÖA kostaði rúmlega 1,5 milljarð 2011. Áfram var leitað allra leiða til sparnaðar. Starfsfólki var ekki sagt upp en mikið aðhald var í yfirvinnu, kallað var út í hálfar vaktir í stað heilla á álagstímum, hagrætt á vöktum og deildir hafa hjálpast að. Ráðnir hafa verið 3 flakkarar í hlutastörf til þess að hjálpa til á þeim deildum þar sem forföll eru mest á hverjum tíma. Vaktir hafa verið stytta og nýráðningum seinkað eins og hægt er. Með þessari tilhögun og samstarfsvilja starfsmanna hefur sparnaður náðst og hefur starfsfólki lagt hart að sér til þess að ná árangri.

Þrátt fyrir sparnað og aðhald var áfram unnið að þróun þjónustunnar á öldrunarheimilunum. Innleiðing Eden-hugmyndafræðinnar hélt áfram en hún leggur áherslu á sjálfræði, aukin lífsgæði, fjölbreytileika og heimilisbrag. Hugmyndafræðin leggur ríka áherslu á virðingu, umhyggju og bros – þessir þættir í mannlegum samskiptum kosta ekki peninga en gefa lífinu gildi.

Öllu starfsfólki ÖA var boðið upp á þriggja daga námskeið í Edenfræðum haustið 2010 og vor 2011 þar sem farið var ítarlega í gegnum Eden hugmyndafræðina. Grunnreglurnar voru kynntar og farið yfir gildi, síði og venjur sem eru á öldrunarheimilum og skoðað hvernig hægt er að breyta stofnun í heimili. Áætlað er að halda Eden námskeið árlega fyrir starfsmenn og dagsnámskeið fyrir íbúa og aðstandendur.

Áfram var unnið að því að bæta hjúkrunarskráningu og hvernig nota megja gæðavísu frá Landlækniseimbætti til umbóta. Gæðamarkmið hafa verið sett og gæðavísar eru mældir þrisvar á ári. Auk þess að bæta gæði þjónustunnar verður þjónustan markvissari og eftirfylgni og eftirlit auðveldara. Tekið var í notkun meðferðarferli fyrir deyjandi sjúklinga sem er þverfaglegt skráningar- og meðferðarferli sem notað er á síðustu dögum og klukkustundum lífs. Með notkun ferlisins er hægt að tryggja öllum deyjandi sjúklingum ákveðin gæði í umönnun og meðferð við lífslök.

Þjónustukönnun var gerð á haustmánuðum þar sem íbúar og aðstandendur voru beðnir að meta þjónustu ÖA og óskað eftir ábendingum um það sem betur mætti fara í þjónustunni. Slík könnun var líka gerð 2008. Sá grunnur var endurskoðaður og bætt við fleiri spurningum. Könnunin var send til allra íbúa ÖA, 108 svör bárust eða frá 57,7% íbúa sem er 10% fleiri en svöruðu 2008. Í svörum kom fram almenn ánægja með þjónustuna: 96% telja að móttökur við komu á heimilin mjög góðar eða frekar góðar, 95% telja að mjög vel eða vel sé annast um íbúa, 92% telja að sjálfsákvörðunarréttur sé alltaf eða mjög oft virtur, 80% telja sig alltaf eða oft geta sinnt áhugamálum/félagsstarfi við hæfi. Ánægjulegt er að sjá aukna ánægju með þjónustuna frá fyrri könnun þrátt fyrir niðurskurð síðustu ára.

Öldrunarheimilin hafa verið þátttakendur í Evrópusambandsverkefni um öldrunarmál „Our Life as Elderly 2“ síðustu 3 ár. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að bregðast við fyrrisjáanlegum auknum fjölda aldraðra, hlutfallslega mun færri fólk á vinnu-



Barnaskóli Akureyrar um 1968. Ljósmynd: Erlingur Davíðsson.

þeirra sem þurftu að flytja vegna lokunar deildarinnar. Allir lögðu sig fram um að lágmarka óþægindin af flutningunum. Starfsmaður fylgdi hverjum íbúa á nýja deild og auðveldaði þannig aðlögun að nýju sambýlisfólki og nýjum starfsmönnum. Fyrir samstarfsvilja og jákvæðni allra sem hlut áttu að máli gekk þessi flutningur framar vonum og þar með lokun deildarinnar.

Eftir þennan síðasta niðurskurð eru 188 rými (voru 195) í Hlíð, Kjarnalundi og Bakkahlíð sem skiptust í 168 hjúkrunarrými og 20 dvalarrými. Á árinu flutti 51 nýr íbúi inn á heimilin. Hluti hjúkrunarrýma er fyrir skammtímadvöl, þ.e.a.s. fyrir fólk sem kemur utan úr bæ í tímabundna hjúkrun og endurhæfingu og fer síðan heim aftur. 80 einstaklingar nýttu sér þessa þjónustu, margir nokkrum sinnum, alls í 104 skipti á árinu. Með aukinni áherslu á að fólk geti búið sem lengst í heimahúsum er vaxandi þörf fyrir skammtímadvöl. Í árslok voru 13

markaði, minni fjárfraumlögum og væntanlegum erfiðleikum við að fá starfsfólk til starfa í öldrunarþjónustu. Í fyrirsjáanlegri framtíð verður gríðarleg fjölgun á eldra fólki og er reiknað með að árið 2040 verði nálægt 25% þjóðarinnar 67 ára og eldri. Þessi lýðfræðilega breyting krefst nýrra hugmynda og lausna og því er nauðsynlegt að þróa umönnun aldraðra og þjónustu tengda því til þess að undirbúa þessar breytingar. Mikilvægt er að lífsgæðin haldist og nauðsynlegt að viðhalda líkamlegri og andlegri færni og efla sjálfsbjargargetu. Íslenskir samstarfsaðilar ÖA í verkefninu eru félagsþjónustan í Hafnarfirði og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands en auk þeirra Norðmenn, Svíar, Finnar og Færeyingar. Verkefninu lauk á vormánuðum, nánari upplýsingar má finna á síðinni www.ourfuture.eu.

Margskonar fræðsla var í boði á ÖA. Verkefnið Markviss (aðferð til þess að vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun) var unnið í samvinnu við Símei. Markmið verkefnisins er þarfagreining á sí- og endurmenntun innan ÖA og í framhaldi af því var gerð fræðsluáætlun til tveggja ára. Sveitamennt, fræðslusjóður Sjúkraliðafélags Íslands og Kjölur styrkja gerð og framkvæmd áætlunarinnar. Fyrirlesarar komu úr ýmsum áttum og efnið var fjölbreytt. Öll fræðsla á ÖA er opin þeim sem áhuga hafa, hvort sem það er starfsfólk, íbúar eða aðstandendur. Safnað hefur verið netföngum aðstandenda og fá þeir upplýsingar um fræðslu og annað sem er í boði með tölvupósti. Þetta form hefur mælst vel fyrir og hefur verið góð þátttaka í fræðslunni hjá íbúum og aðstandendum.

Sem fyrr var leitað leiða til þess að auka fjölbreytni daglegs lífs á ÖA. Boðið var upp á fjölbreytta tómsunda- iðju s.s. handverk, upplestur, spurningahópa, leikfimi, spilavist, bingó, keilu, skemmtanir tengdar árstíðum, kvennahlaup, ferðalög og króarkvöld svo fátt eitt sé nefnt. Smíðjan sem tók til starfa 2010 er vinsæl en þar er m.a. unnið í tré, horn og taglhár svo eitthvað sé nefnt. Nýjasta viðbótin í handverkinu er kertavinnsla þar sem unnin eru falleg kerti úr afgangum. Stöðugt er leitað leiða til þess að auðga daglegt líf á ÖA. Í lok árs var sótt um búfjárleyfi fyrir heimilin vegna væntanlegs hæsnahalds við Hlíð.

Mörg undanfarin ár hefur verið frábært samstarf við leikskóla bæjarins og heimsækja leikskólabörn frá nokkrum leikskólum bæjarins allar deildir ÖA einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Þessum heimsóknum fylgir líf og fjör og njóta ungir og aldnir samverunnar. Einnig taka öldrunarheimilin þátt í samstarfsverkefni með Menntaskólanum á Akureyri, Eyjafjarðarprófastsdæmi og kirkjunum á Akureyri þar sem kynslóðirnar mætast, bera saman bækur sínar og njóta samvista.

Í gamla matsal starfsmanna í Hlíð hefur verið útbúið lítið kaffihús, Kaffi Sól. Þangað geta íbúar og aðstandendur komið einu sinni í viku og fengið sér kaffi og vöflur svipað og á öðrum kaffihúsum nema að veitingar í kaffihúsinu eru í boði hússins. Kaffi Sól er afar vinsælt og algengt að 40–50 manns skelli sér á kaffihúsið í hverri viku, hittist þvert á deildir, spjalli og rifji upp gömul kynni. Ekki skemmir fyrir þegar vinur okkar frá Gilhaga mætir með nikkuna og fólk fær sér snúning.

Í sama rými er Sólskinsklúbburinn sem er fyrir fólk með heilabilun sem ekki getur nýtt sér almennt félagsstarf og afþreyingu vegna skerðingar sem heilabilunin veldur. Í Sólskinsklúbbum er unnið eftir hugmyndafraeði Lífsneistans sem hefur það markmið að endurvefja lífsneistann hjá fólki með heilabilun. Klúbbastarf Lífsneistans hefur unnið til aðþjóðlegrar viðurkenningar og er vandlega þróuð meðferð til að auka félagslega, tilfinningalega og sálræna vellíðan fólks með heilabilun. Starfsmenn hafa sjálfir útbúið margskonar litrík og skemmtileg spil og tæki til þess að nýta í klúbbastarfinu. Klúbburinn er mjög vinsæll og skilar athyglisverðum árangri.

Sjálfbodaliðar hafa sett svip á öldrunarheimilin í gegnum árin og reynst ómetanleg og sérdeilis ánægjuleg viðbót við starfsemina. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum og eru miklir aúfúsugestir. „Vinir Hlíðar“ er hópur fólks sem hefur hætt störfum á ÖA vegna aldurs eða veikinda en vill halda tengslum við gamla vinnustaðinn. Einnig eru í hópnun aðstandendur sem

halda tryggð við heimilin þrátt fyrir andlát ástvina sinna. Vinir Hlíðar hafa m.a. staðið fyrir biósýningum einu sinni í mánuði, farið með íbúa á samveru eldri borgara í Akureyrarkirkju, í ferðir o.fl. Sjálfbodaliðar hafa komið í Smíðjuna til að leiðbeina og aðstoða. Rauði krossinn hefur aðstoðað við Kaffi Sól, boðið upp á heimsóknarvini og heimsóknir með sévalda hunda. Akureyrarkirkja hefur einnig boðið upp á heimsóknarvini. Nemendur hafa sett svip sinn á heimilin vegna ýmiss konar samstarfsverkefna svo og ungt fólk í atvinnuáttakerkefnum. Auk þess hafa einstaklingar komið með myndasýningar og ýmsan fróðleik og skemmtun. Allt eykur þetta fjölbreytileika lífsins á ÖA og ber að þakka öllu þessu góða fólki.

Aðstandendafélag við Öldrunarheimili Akureyrar var stofnað í lok árs 2010. Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna íbúa heimilisins og stuðla í samvinnu við heimilin að því að íbúar geti átt öruggt og ánægjulegt ævikvöld. Félagar hafa tekið þátt í sjálfbodaliðastörfum á ÖA og er verið að skoða áhugaverð verkefni í framtíðinni. Starfsmenn ÖA fagna stofnun félagsins og hlakka til samstarfsins.



Gleráreyrar 1998, rúmu ári áður en framkvæmdir vegna Glerártorgs breyttu öllu svæðinu. Ljósmynd: Hörður Geirsson.



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. desember 2011

Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

Endurskoðendur

Deloitte hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga

Gunnar Jónsson

Unnsteinn Jónsson

Bæjarstjórn Akureyrar

Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar

Halla Björk Reynisdóttir

Oddur Helgi Halldórsson

Tryggvi Þór Gunnarsson

Hlín Bolladóttir

Índá Björk Gunnarsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ólafur Jónsson

Hermann Jón Tómasson

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Bæjarráð

Oddur Helgi Halldórsson formaður

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Halla Björk Reynisdóttir

Hermann Jón Tómasson

Ólafur Jónsson

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

(áheyrnarfulltrúi)

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

(áheyrnarfulltrúi)

Sigurður Guðmundsson

(áheyrnarfulltrúi)

FASTANEFNDIR

Félagsmálaráð

Índá Björk Gunnarsdóttir formaður

Dagur Dagsson

Anna Hildur Guðmundsdóttir til 06.09.2011

Sif Sigurðardóttir frá 06.09.2011

Anna Guðný Guðmundsdóttir til 18.01.2011

Oktavía Jóhannesdóttir frá 18.01.2011

Jóhann Ásmundsson

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar

Oddur Helgi Halldórsson formaður

Sigríður María Hammer

Silja Dögg Baldursdóttir

Sigfús Arnar Karlsson

Njáll Trausti Friðbertsson

Íþróttaráð

Nói Björnsson formaður

Silja Dögg Baldursdóttir til 18.08.2011

Helga Guðrún Eymundsdóttir frá 18.08.2011

Þorvaldur Sigurðsson

Erlingur Kristjánsson

Árni Óðinsson

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður

Þorsteinn Hjaltason

Baldvin Valdemarsson

Samfélags- og mannréttindaráð

Hlín Bolladóttir formaður

Tryggvi Þór Gunnarsson

Heimir Haraldsson

Anna Hildur Guðmundsdóttir

Guðlaug Kristinsdóttir

Skipulagsnefnd

Helgi Snæbjarnarson formaður

Haraldur Sveinbjörn Helgason

Eva Reykjalin

Sigurður Guðmundsson

Auður Jónasdóttir til 20.12.2011

Sóley Björk Stefánsdóttir frá 20.12.2011

Skólanefnd

Sigurveig Bergsteinsdóttir formaður

Preben Jón Pétursson

Sigrún Björk Sigurðardóttir til 22.11.2011

Anna Sjöfn Jónasdóttir frá 22.11.2011

Helgi Vilberg

Logi Már Einarsson

Stjórn Akureyrarstofu

Halla Björk Reynisdóttir formaður

Sigmundur Ófeigsson

Jón Hjaltason

Helena Karlsdóttir

Sóley Björk Stefánsdóttir

Stjórnsýslunefnd

Tryggvi Þór Gunnarsson formaður

Hlín Bolladóttir

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ólafur Jónsson

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Umhverfisnefnd

Hulda Stefánsdóttir formaður

Sigmar Arnarsson til 04.08.2011

Páll Steindórsson frá 04.08.2011

Petrea Ósk Sigurðardóttir

Kolbrún Sigurgeirsdóttir til 18.10.2011

Kristinn Frímann Árnason frá 18.10.2011

Valdís Anna Jónsdóttir

STARFSNEFNDIR

Fræðslunefnd

Inga Þóll Þörgnýsdóttir formaður

Friðný Sigurðardóttir

Gunnar Gíslason

Katrín Björg Ríkardsdóttir

Leifur Þorsteinsson til 22.11.2011

Tómas Björn Hauksson frá 16.12.2011

Kjarasamninganefnd

Halla Björk Reynisdóttir formaður

Hjalti Ómar Ágústsson

Hallgrímur Guðmundsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Bæjarstjóri
Bæjartæknifræðingur
Slökkviliðsstjóri

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Linda María Ásgeirsdóttir

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Baldur Dýrfjörð formaður
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Anna Guðný Júlíusdóttir til 07.06.2011
Jóhann Gunnar Sigmarsson frá 07.06.2011
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Oddur Helgi Halldórsson

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs

Hólmkell Hreinsson

Hafnasamlag Norðurlands

Víðir Benediktsson formaður
Sigríður María Hammer
Nói Björnsson
Bjarni Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Þórdís Rósa Sigurðardóttir
Sigurjón Jóhannesson

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Gunnar Frímannsson
Júlíus Júlíusson
Elín Margrét Lýðsdóttir

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Bergur Þorri Benjamínsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Halla Björk Reynisdóttir
Hlín Bolladóttir
Tryggvi Þór Gunnarsson
Sigurður Guðmundsson
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ólafur Jónsson
Hermann Jón Tómasson
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Stjórn Eyþings

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Bæjarstjóri
Oddur Helgi Halldórsson
Hermann Jón Tómasson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Hlín Bolladóttir formaður
Bergvin Oddsson
Sigurbjörg Árnadóttir

Iðnaðarsafnið á Akureyri

Ágúst Hilmarsson
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Eiríkur Björn Björgvinsson

Veiðifélag Eyjafjarðarár

Hermann Brynjarsson

Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Þórarinn B. Jónsson formaður
Gerður Jónsdóttir

Menningarfélagið Hof

Hildur Eir Bolladóttir

Fjölsmiðjan

Hlín Bolladóttir

Simenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Ingunn Helga Bjarnadóttir

Norræna upplýsingaskrifstofan

Hólmkell Hreinsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Flokkun ehf

Hulda Stefánsdóttir
Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður
Halla Björk Reynisdóttir
Edward Hákon Huijbens
Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir
Njáll Trausti Friðbertsson

Tækifæri hf

Dan Jens Brynjarsson





Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000
Fax 460 1001
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is